

MOSFELLINGUR

3. tbl. 9. árg. föstudagur 26. febrúar 2010. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



Kærleiksvika haldin í Mosfellsbæ í fyrsta sinn
ÍSLANDSMET Í HÓPKNÚSI

Mynd/Hilmar

EIGN VIKUNNAR

Helgaland - Parhús



Rúmgott 185 m² parhús á 2 hæðum með innbyggðum bílskúr við Helgaland í Mosfellsbæ. Þetta er eign sem hentar vel stórrí fjölskyldu, 4-5 herbergi eru í húsinu. Fallett útsýni! **V. 34,9 m.**

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali • www.fastmos.is

**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**



100% Speltbrauð

MOSFELLSBAKARÍ

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf.

Flugumýri 2, Mosfellsbær

Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is

NÝ HEIMASÍÐA - WWW.JONB.IS

Ný
CABAS
tjónaskoðun



Vottað
verkstæði

Þjónustuverkstæði
útvægum bílaleigubíla



Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Prentun: Oddi Upplag: 4000 eintök
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Próförk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær
ekki vera lengi en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 19. mars

Meira en þúsund orð

Kærleiksvikan var vel heppnuð. Skemmtilegur viðburður sem nokkrir framtakssamir einstaklingar úr bæjarfélaginu komu á laggirnar. Það kemur hins vegar jafn



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

mikið á óvart að heyra að til er fólk sem lætur það fara í taugarnar á sér í hvaða stjórnmálaflokki hinir og þessir eru sem komu að skipulaggingunni. Í mínum huga er þetta svokölluð pólitísk blinda. Sama hvað er

gert, gott eða slæmt er alltaf lítið til þess hvaða stjórnmálahreyfingu viðkomandi gæti tilheyrð.

Myndir, myndir, myndir. Í Mosfellingi að þessu sinni sem endranær eru myndir frá skemmtilegum uppkomum síðustu vikna. Sjaldan höfum við þó birt eins margar myndir af jafn mörgum sveitungum og nú. Fólk vill skoða myndir og fleiri myndi. Ég hvet ykkur til að halda áfram að senda okkur skemmtilegar myndir og fréttir úr bæjarlífinu.

Mosfellingur gerir lífið skemmtilegra - í Mosfellsbæ.



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Lárus Halldórsson var skólastjóri Brúarlandsskóla frá árinu 1922 og einnig Varmárskóla, en hann var byggður í byrjun sjöunda áratugarins. Lárus lét af störfum 1966.

Á þeim tímamótum var ákveðið að skipta skólanum í gagnfræðaskóla, með samstarfi við Kjalnesinga og Kjósverja, að Brúarlandi og barnaskóla í Varmárskóla.

Myndin sýnir kennarahópinn á síðasta starfsári Lárusar en hana gerði Ragnar Lár. sonur hans.

Umsjón: Birgir D. Sveinsson

EINAR ÞVEREINGUR.....	Lárus Halldórsson skólastjóri
AUDUR DJÚPÚÐGA.....	Klara Klængsdóttir, almennur kennari
AUDUR VESTEINSDÓTTIR.....	Audur Sveinsdóttir, handavinnukennari
SÍÐU - HALLUR.....	Pétur Þorsteinsson, almennur kennari
HELGI DROPLAUGARSON.....	Sigvaldi Sturlaugsson, handavinnukennari
GRÍMUR DROPLAUGARSON.....	Tómas Sturlaugsson, almennur kennari
ÞÓRÐÍS GUÐM.D. RÍKA.....	Hlín Árnadóttir, iðróttakennari
KÁRI SÖLMUNDARSON.....	Birgir D. Sveinsson, almennur kennari
ÞÓRÐÍS TODDA.....	Adalheiður Magnúsdóttir, almennur kennari
BERGMÓRA SKARPHÉDISDÓTTIR.....	Nína Sveinsdóttir, almennur kennari
NJÁLL ÞORGEIRSSON.....	Arnór Hannibalsson, almennur kennari
VÉMUNDUR KÓGUR.....	Eyjólfur Magnússon, iðróttakennari



HÉÐAN OG ÞAÐAN



**Kíktu inn á
www.matarlist.is
til að kíkja á
frábærar
uppskriftir
og
hugmyndir
varðandi
matargerð og
matarmenningu.**

Getur þú fundið **Benjamín** falinn í blaðinu?

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Sími: **586 8080**
www.fastmos.is



Hamrabrekkur –

Fallegt heilsárhús við Nesjavallarveg, í Mosfellsbæ. Húsið, sem e. byggt árið 1999 er 49 m² timburhús, en auk þess er gott svefnloft. Einnig er búið að byggja við húsið ca. 12 m² forstofu og aukaherbergi. Við hlið hússins er ca. 12,5 m² geymsla/pvottahús með steyptu gólfi, en á milli þessara bygginga er kalt yfirbyggt rými með hellulögðu gólfi. 3.147 m² eignarlóð með mikilli trjárækt og glæsilegu útsýni!
V. 17,4 m.



Leirvogstunga - Einbýlishús

Fallegt og vel skipulagt 198 m² einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í skiptist í forstofu, hol, eldhús, stofu, borðstofu, tvö baðherbergi, fjögur svefnherbergi, geymslu, pvottahús og bílskúr.
V. 43,9 m.



Skólabraut - Einbýlishús

160,9 m² einbýlishús með bílskúr á fallegum stað við Skólabraut í Mosfellsbæ. Frábær staðsetning! Stutt í skóla og alla þjónustu. Stór lóð með timburvernd og fallegu útsýni.
V. 39,2 m.



Furubýggð - Parhús

Fallegt 169,5 m² parhús á einni hæð með bílskúr við Furubýggð 19 í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, pvottahús, eldhús, borðstofu, stofu og sólstofu. Bílskúrin er 27,4 m² með geymsluhlöf. Þetta er mjög falleg eign í fallegu umhverfi.
V. 36,5 m.



Aðaltún - Parhús

Mjög fallegt 142,4 fm parhús á tveimur hæðum, með innbyggðum bílskúr við Aðaltún í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er eldhús, stofa, baðherbergi, vinnuherbergi og forstofa. Á 2. hæð er sjónvarpshol og þrjú svefnherbergi. Rúmgóður bílskúr og stórt hellulagt bílaplan. Stór vesturgarður með fallegu útsýni.
V. 36,9 m.



Brekkutangi - Raðhús

254,0 m² raðhús á þremur hæðum og bílskúr við Brekkutanga í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 5 svefnherbergi. Miklir möguleikar fyrir stóra fjölskyldu. Einnig er mögulegt að gera aukaíbúð í kjallara.
Lækkað verð!

V. 36,9 m.



Spóahöfði - Efri sérhæð

Glæsileg 199,3 fm efri sérhæð með innbyggðum 28,2 fm bílskúr í fallegu tvíbýlishúsi. Í húsinu eru þrjú rúmgóð herbergi + sjónvarpsherbergi (sem hægt er að breyta í svefnherbergi) Innréttingar eru úr hlyn, hvíttuð eik og náttúruflísar á gólum, innfelld hallogenlýsing er í húsinu.
V. 47,9 m.



Blikahöfði - 2ja herbergja

Rúmgóð og björt 77 m², 2ja herbergja íbúð með sérinngangi af svalagangi, á 3ju hæð við Blikahöfða 7 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, rúmgótt svefnherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla á 1 hæð. Svalir í suðvestur með fallegu útsýni. **Eignin er laus til afhendingar!**
V. 16,9 m.



Stórikriki - 4ra herbergja

Mjög falleg 135,8 m², 4ra herbergja íbúð á 3. hæð ásamt 23,7 m² bílskúr í 3ja hæða lyftublokk við Stórikriki 1 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í rúmgóða stofu og borðstofu, eldhús, stórt hjónaherbergi, tvö góð barnaherbergi, baðherbergi með baðkari og sturtuklefa, sér pvottahús og rúmgóðan bílskúr með stórra geymslu.
Lækkað verð!
V. 30,5 m.



Klapparhlíð - 3ja herbergja

3ja herbergja, 81,9 fm íbúð á efstu hæð með sérinngangi í 3ja hæða fjölbýli við Klapparhlíð í Mosfellsbæ. Rétt hjá húsinu er leikskólinn Hulduberg, grunnskólinn Lágafellsskóli, glæsileg sundlaug og World Class.
V. 19,9 m



Rauðamýri - 2ja herbergja

Mjög falleg 81 m², 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í litlu 3ja hæða fjölbýli við Rauðamýri 3 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, pvottahús, rúmgótt svefnherbergi, baðherbergi með baðkari, eldhúsi og stofu með mjög mikilli lofthæð og fallegu útsýni. **Aðvilið er ca. 19 m. hjá Íslandsbanka.**
V. 19,9 m.



Leirvogstunga- Lóð+steypt

437 m² einbýlishúsaloð ásamt steyptri plötu og teikningum af 199,2 m² einbýlishúsi á einni hæð + ris við Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Samkv. fyrirliggjandi teikningum er gert ráð fyrir húsi sem er að mestu á einni hæð.
V. 9,0 m.



Litlakriki 40-42 - Parhús

Parhúsin tvö við Litlakriki 40 og 42 eru til sölu í einu lagi. Húsin standa á einum flottasta staðnum í Krikkahverfinu í Mosfellsbæ. Hvort hús eru 230,0 m² á tveimur hæðum með bílskúr. Húsin eru að mestu uppsteypt í dag. **Húsin tvö seljast í einu lagi í núverandi ástandi - óskað er eftir kaupsilboði**



70 ára afmælis- tónleikar Stefnis

Afmælistónleikar Karlaðórsins Stefnis fara fram í Guðríðar-
kirkju í Grafarholti 10., 11. og
12. mars. Eins og fram kom í
1. tbl. Mosfellings á þessu ári
varð Karlaðórinn Stefnir 70 ára
hin 15. janúar sl. Í telfni af
því efni kórinn til glæsilegra
afmælistónleika. Einsöngvarar
með kórnum verða Kristinn
Sigmundsson óperusöngvari
og Þórunn Lárusdóttir söng- og
leikkona. Stjórnandi er Gunnar
Ben og undirleikari er Judith
Þorbergsson. Á tónleikunum lít-
ur Stefnir yfir farinn veg og rifjar
upp nokkur af þeim vinsælu
lögum sem kórinn hefur sungið
undanfarin ár.
Stefnismenn hafa fengið Hildi-
gunni Rúnarsdóttur tónskáld til
að semja nýtt verk fyrir kórinn
sem frumflutt verða á tónleikun-
um. Tónleikarnir hefjast kl. 20
alla dagana og er forsala miða
hafin á www.midi.is. Miðaverð er 3.000 kr.

Margt í mörgu í Listasalnum

Hildigunnar
Birgisdóttur
hefur opnað
sýningu sína,
Margt í mörgu,
í Listasalnum.
Hildigunnur
sýnir teikning-
ar og skúlptúra
sem eru framhald af vangavelt-
um hennar um kerfi og reglur
- glundroða og útnára efnis-
heimsins. Hildigunnur Birgis-
dóttir (f. 1981) lauk námi frá
myndlistardeild Listaháskóla
Íslands árið 2003. Sýningin er
opin á afgreiðslutíma Bókasafns
Mosfellsbæjar.



Sigsteinn Pálsson, bóndi á Blikastöðum lést 4. febrúar, 104 ára að aldri

Sigsteinn Pálsson jarðsungiinn

Sigsteinn Pálsson, fyrrum bóndi
á Blikastöðum er látinn 104 ára
að aldri. Sigsteinn kvæntist Helgu
Magnúsdóttur frá
Blikastöðum árið
1939 og hófu þau
búskap þar árið
1942 þegar faðir
Helgu, Magnús
Þorláksson bóndi
þar, féll frá.



Sigsteinn var
hreppstjóri Mosfellshrepps í tvo
áratugi og tók virkan þátt í félags-
og uppbyggingarstarfi Mosfellsveit-
ar. Hann var einn af stofnfélögum
Lionsklúbbs Mosfellsbæjar og elsti
starfandi Lionsfélagi í heimi. Jafn-
framt var hann einn af stofnfélögum
karlaðórsins Stefnis og heiðursfélagi



Félagar úr Lionsklúbbi Mosfellsbæjar bera kistuna frá Grafarvogskirkju þann 12. febrúar.

kórsins. Sigsteinn var elsti karl-
maður Íslands og hefði orðið 105 ára
þann 16. febrúar.

Sigsteinn dvaldi síðustu mánuði
sína á dvalarheimilinu Eir, en hann
lést þar að morgni 4. febrúar.



Kærleikspjöldum komið fyrir í Krónunni.



Talið niður í knúsið á Miðbæjartorginu.



370 manns tóku þátt í faðmlögum.

Kærleiksvika var haldin í fyrsta sinn í Mosfellsbæ dagana 14.-21. febrúar

Kærleiksvikan vel heppnuð

Kærleiksvikan, sem haldin var í fyrsta sinn, þótti
takast vel. Markmiðið var að hver einasti bæjarbúi fyndi
fyrir kærleik í sinn garð og gæfi af sér annað eins. Kær-
leiksvikan hófst með tilraun til heimsmets í hópknúsi á
Miðbæjartorginu og féllust 370 manns í faðma og slógu
í það minnsta Íslandsmet en heimsmetið bíður betri
tíma. Fjöldi viðburða fór fram um allan bæ og margir
sem tóku þátt með einum eða öðrum hætti.



Skólahúsin knúsuð að Varmá.



Stubbaknús að bestu gerð.



Birgir Haraldsson og Stefania Svavarsdóttir flytja Kærleikslagið 2010.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Helgihald næstu vikna

28. febrúar.

guðspjónusta í Mosfellskirkju
kl. 11. Sr. Skírni Garðarsson

7. mars Æskulýðsdagur þjóðkirkjunnar

Æskulýðsmessa í Lágafellskirkju
kl. 17.
Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

14. mars.

Guðspjónusta í Lágafellskirju
kl. 11.
Reykjalundarkórinn syngur.
Sr. Skírni Garðarsson

Sunnudagaskólinn
í Lágafellskirkju
sunnudaga kl. 13.



Allar nánari upplýsingar um
helgihald og safnaðarstarfið
er hægt að nálgast á
heimsíðu sóknarinnar:
www.lagafellskirkja.is

www.lagafellskirkja.is

GARN OG FÖNDUR Í NETTÓ HVERAFOLD



www.markhommun.is

Verið velkomin í garn og föndurhornið
okkar í Hverafold.

10% afsláttur til 10. mars



Nettó Hverafold 1-3, 112 Grafarvogi

Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbæ

nettó
Ódýrt fyrir heimilið!



Sumargerði brann til kaldra kola

Sumarbústaður við Hafravatn brann til kaldra kola aðfaranótt 10. febrúar. Slökkviliði tókst ekki að bjarga bústaðnum en slökkvistarf stóð yfir í rúmar tvær klukkustundir. Bústaðurinn, sem stóð við suðausturenda Hafravatns, hefur verið í eigu Skógræktarfélags Mosfellsbæjar frá 1986. Hann er í landi Þormóðsdals sem félagið er með á leigu. Um tíma hafði skátafélagið Mosverjar afnot af húsinu. Líklegt þykir að um íkveikju hafi verið að ræða.



Ánægja íbúa með nýjar göngubrýr

Búið er að setja upp nýjar göngubrýr í Teigsgili (efri mynd) og yfir Suðará í Mosfellsdal (neðri mynd). Brúin sem var á Suðará var flutt við það sunnan Brennholts og er þar með komin ágæt samgöngubót fyrir gangandi vegfarendur ofarlega í Mosfellsdal. Mikil ánægja er með þessar úrbætur sem eiga eftir að nýta Mosfellingum sem og öðrum.



Fjögur efstu, Hafsteinn, Bryndís, Herdís og Haraldur.

826 manns kusu í prófkjöri sjálfstæðismanna

Haraldur hlaut yfirburðakosningu

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ, fyrir sveitarstjórnarkosningarnar sem fram fara í vor, fór fram 6. febrúar. Á kjörskrá voru 1341 manns og 826 manns kusu sem þýðir 61% kjörsókn. Auð og ógild atkvæði voru 22 atkvæði.

Fimmtán manns gáfu kost á sér og efstu fimm frambjóðendurnir hlutu bindandi kosningu. Samkvæmt reglum flokksins telst kosning bindandi ef frambjóðandi fær yfir 50% atkvæða á listann. Framboðslistinn var samþykktur á fundi fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna 18. febrúar. Ragnheiður Ríkharðsdóttir fyrrverandi bæjarstjóri mun skipa heiðursæti listans. Neðri sæti listans skipast annars eins og úrslit prófkjörsins gáfu til kynna, 8. sæti Eva Magnúsdóttir, 9. Hreiðar Örn Zoëga, 10. Haraldur Haraldsson, 11. Elías Pétursson, 12. Júlía Margrét Jónsdóttir, 13. Hjörtur Methúsalemsson og 14. sæti mun Ragnheiður Ríkharðsdóttir skipa.

Kynja- og aldursskipting er dreifð, sex konur og átta karlar. Yngsti frambjóðandinn, Hjörtur Methúsalemsson, er fæddur 1991 og Haraldur Haraldsson elstur fæddur 1944.

ÚRSLIT ÚR PRÓFKJÖRINU

Sæti	Atkv. í sæti
1. Haraldur Sverrisson	671 1.
2. Herdís Sigurjónsdóttir	364 1.-2.
3. Bryndís Haraldsdóttir	340 1.-3.
4. Hafsteinn Pálsson	324 1.-4.
5. Kolbrún G. Þorsteinsdóttir	343 1.-5.
6. Rúnar Bragi Guðlaugsson	323 1.-6.
7. Theodór Kristjánsson	370 1.-7.

Frábært gengi kvenna í flokknum

„Ég er mjög sátt við niðurstöðuna. Frábært gengi kvenna og listinn glæsilegur í alla staði. Ég er búin að vera í átta ár á varamannabekknunum og nú er komin tími til að hafa áhrif og vinna fyrir Mosfellinga,” segir Bryndís Haraldsdóttir.



Sterkur listi með breiða skírskotun

„Ég er auðvitað afar þakklátur fyrir þann eindregna stuðning sem ég fékk en fyrst og fremst vil ég



lýsa ánægju minni með hversu vel tókst til varðandi prófkjörið. Þátttakan var afar góð eða um 61% og það kusu um 830 manns og fjölgaði töluvert í Sjálfstæðisfélaginu í aðdraganda prófkjörsins.

Þessi mikla þáttaka var þrátt fyrir það að prófkjörið var ekki leiðtogaþrófkjör og finnst mér það sýna hvað framboðslistinn í heild sinni höfðaði vel til bæjarbúa. Útkoma kvenna var góð, tvær konur í efstu þremur sætunum, þrjár í efstu fimm og fjórar í efstu átta sætunum. Einnig fengu núverandi bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúi góða kosningu sem túlka má sem viðurkenningu fyrir góð störf á kjörtímabilinu. Listinn í heild hefur breiða skírskotun, ég er þess fullviss að þessi hópur á eftir að koma mörgum góðum verkefnum í höfn fyrir Mosfellinga,” segir Haraldur Sverrisson.

Þrjár konur í fimm efstu sætunum

„Þakklæti er mér efst í huga. Í dag er mikil umræða um endurnýjun og því var alls ekki sjálfgefið að bæjarfulltrúi til 12 ára fengi endurkosningu. Ég vona að það sé merki um ánægju með störf mín. Það er einnig ánægjuefni að hjá okkur myndaðist náttúrulegur fléttulisti, enn og aftur,” segir Herdís Sigurjónsdóttir.



ELDRI BORGARAR

Landnámssetur við Aðalstræti

Ferð verður á safnið föstudaginn 5. mars. Lagt af stað kl. 13 frá Eirhömrum. Verð þ.e. akstur og kaffihlaðborð á Icelandair hotel, kr. 2.500.

Ferðahópur til Winnipeg

Fundur verður í Safnaðarheimilinu Þverholti 3 fimmtudaginn 11. mars kl. 19.30.

Sumarferðin 2010!

Dagana 10.–12. júní verður farið á Vestfirði og ýmsir staðir skoðaðir s.s. Látrabjarg, Rauðasandur, Selárdalur og Hnjótur í Örlygshöfn. Gisting verður í tvær nætur í Breiðuvík. Heildarverð: þ.e. akstur, gisting, fullt fæði og sigling með ferju yfir Breiðafjörð frá Stykkishólmi að Brjánslæk, er kr. 40.000, þar af greiðist staðfestingargjald kr. 10.000 við skráningu.

Upplýsingar og skráning eru á skrifstofu félagsstarfsins Eirhömrum kl. 13-16, símar 5868014 og í gsm. 6920814





MOSFELLSBÆR



Kynningarfundur um stofnun heilsuklasa í Mosfellsbæ

Stefnt er að stofnun heilsuklasa í Mosfellsbæ í því skyni að byggja upp og efla alla starfsemi og þekkingu á sviði heilsuefningar, heilsuræktar og endurhæfingar í Mosfellsbæ.

Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 4. mars kl. 20 í Listasal Mosfellsbæjar.

Hugmyndin að verkefni þessu er að hagsmunaaðilar í Mosfellsbæ ásamt tengdum aðilum, taki sig saman um að móta klasa sem byggir á þeirri þekkingu og reynslu sem samfélagið í Mosfellsbæ býr yfir á sviði endurhæfingar og heilsuefningar.

Heilsu- og endurhæfingartengd starfsemi er meginstoð og styrkur (e. „Core“) atvinnulífs í Mosfellsbæ. Rúmlega 450 manns starfa í þessari starfsgrein í Mosfellsbæ. Það samsvarar um 10-12 % af vinnufærum íbúum bæjarins. Án vafa er hægt að stórefla þessa grein með markvissu samstarfi þeirra fyrirtækja sem starfa í greininni, tengdum greinum og sveitarfélagsins.

Allir áhugasamir um uppbyggingu heilsutengdar starfsemi í Mosfellsbæ eru hvattir til að mæta. Þátttakendur eru vinsamlegast beðnir að skrá þátttöku sína með því að senda póst á mos@mos.is.

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á vef Mosfellsbæjar undir slóðinni www.mos.is/heilsuklasi



Lifandi umræða um sjálfbæra þróun

Mosfellsbær hélt á dögunum vel heppnað íbúáþing um sjálfbæra þróun í Mosfellsbæ. Tilgangurinn var að leita eftir skoðunum og hugmyndum íbúa. Um 30 manns mættu á íbúáþingið og tóku þátt í lifandi umræðu um hvað ættu að vera helstu áherslur bæjaryfirvalda í þessum málaflokki næstu árin. Verkefnisstjórn Staðardagskrár 21 mun í framhaldinu fara yfir þær hugmyndir og áherslur sem fram komu á þinginu og nýta þær við áframhaldandi vinnu við endurskoðun Staðardagskrár 21 og þeirri gerð aðgerðaráætlunar sem stendur yfir.



Mozart og Salieri fyrir sex í Listasal

Þriðju tónleikar Tónlistarfélags Mosfellsbæjar á þessu starfsári, verða haldnir í Listasalnum þriðjudaginn 2. mars kl. 20. Á efnisskránni eru óperu-árúr eftir Mozart og Salieri, en sá síðarnefndi fullyrði í elli sinni að hafa verið banamaður Mozarts. Flytjendur eru þrír nafnkunnir söngvarar; Hulda Björk Garðarsdóttir, Sesselja Kristjánsdóttir og Davíð Ólafsson ásamt Chalumeaux-tríóinu sem skipað er klarínettuleikur-unum Ármanni Helgasyni, Kjartani Óskarssyni og Sigurði Ingva Snorrassyni, bæjarlistamanni Mosfellsbæjar 2009.

Jumboys leikur til úrslita í Höllinni

Í kvöld leikur handknattleiks-liðið Jumboys við ÍR bikarúrslita-leik utandeildarinnar. Leikurinn fer fram í Laugardalshöllinni og hefst kl. 20:45. Gamlar handbolta-hetjur úr Mosó munu því leggja allt undir í Höllinni í kvöld.



Andrés kúabóndi á Hrisbrú og Steinar bílabóndi.



Mæðgurnar frá Brávöllum: Guðrún, Linda Rún og Kolbrún.



Gísli rósabóndi og Þórir Kristmundsson.



Þóra og Bjarki á Hvirfli ásamt Péttri Hauki frá Ökrum.



Kristín og María á Reykjum ásamt Helenu í Hveramýri.



Þorkell stjórnaði Braki og brestum með tilþrifum. Til hægri er Óskar Guðmundsson sem söng nokkur lög með sveitinni.

Íbúar í Mosfelldal ásamt vinum og vandamönnum skemmta sér í Hlégarði

Þorrablót Dalbúa vel sótt



Lilla umvafin karlpeningi. Hreinn í Helga-dal, Pétur Jökull, Gísli Snorra og Nonni í Mosskógum.



Steini frá Helgafelli, Tóti í Dalsgarði og Einar Scheving stjórnuðu happdrættinu.



Sigurður í Sigtúni, Sigurgeir og séra Ragnheiður á Mosfelli.



Hraðastaðaaflleggjarinn mætti öflugur til leiks. Sigríður, Rafn formaður íbúasamtaka Dalbúa og veislustjóri kvöldsins, Ingólfur og Pálína.



Mundi lét glymjá í diskunum með Braki og brestum í laginu Dalsgarðsblúsinn.



Áfram frjálslyndir!



Gísli frá Hrisbrú og Dís Linn.



Erna Þórunn, Þóra, Louisa og Ellen



Reynir, Einar Roth, Gerða og Furuvöllum og Högni Fróðason.



Tóti tók lagið með danshljómsveitinni Með stuttum fyrirvara. Fyrir miðju er Evar Sigdórsson, aðalsöngvari sveitarinnar, og lengst til hægri er Jón Bjarni bassaleikari.

BERNAISEBORGARI

90 GR. AF NAUTAKJÓTI
FULLT AF STÖKKU ÞEIKONI ICEBERG SALAT, GURKA,
LAUKUR, FRANSKAR, HRÆRT EGG OG KÖK.
HEIT BERNAISSÓSA FYLGIR FRÖNSKUM

1290,-



PRÓFKJÖR FRAMSÓKNARFÉLAGANNA Í MOSFELLSBÆ



FRAMSÓKNARFLOKKURINN

Vegna bæjarstjórnarkosninga vorið 2010

Prófkjórið fer fram laugardaginn 27. febrúar 2010 frá klukkan 10.00 til 15.00 í sal Framsóknarfélags Mosfellsbæjar að Háholti 14 í Mosfellsbæ.



Marteinn Magnússon



Óli Kárasón Tran



Bryndís Bjarnarson



Guðni Þorbjörnsson



Björg Reehaug Jensdóttir



Linda Björk Stefánsdóttir



Snorri Hreggviðsson



Eggert Sölberg Jónsson



Ásta Björk Benediktsdóttir



Sveinbjörn Ottesen

Prófkjórið er öllum opið sem skráðir eru í Framsóknarflokkinn og eru með kosningarétt og lögheimili í Mosfellsbæ á kjördegi

Nánari upplýsingar - www.mosfellsfrettir.is



Endurskoðun aðalskipulags samráðsfundur með íbúum

Hestamennska og önnur útvíst skipar hærri sess í Mosfellsbæ en í flestum öðrum sveitarfélögum í þéttbýli, samanber það að hesthúshverfi bæjarbúa er miðsvæðis í byggðinni.

Hverfið hefur mjög takmarkaða stækkunarmöguleika, og lengi hefur verið rætt um að finna stað fyrir nýtt hesthúshverfi í bæjarlandinu.

Það er eitt af viðfangsefnum í yfirstandandi endurskoðun aðalskipulagsins, sem á að gilda til ársins 2030.

Nú stendur yfir endurskoðun aðalskipulags bæjarins og leggja bæjaryfirvöld áherslu á virkt samráð við íbúa sveitafélagsins um endurskoðun aðalskipulags. Því er kallað eftir hugmyndum, tillögum og athugasemdum frá íbúum.

Íbúar eru hvattir til að kynna sér efni um aðalskipulagið og endurskoðun þess á heimasíðu bæjarins á slóðinni:

www.mos.is/EndurskodunAdalskipulags/

Skipulags- og byggingarnefnd boðar til samráðsfundar með íbúum í Lágafellsskóla þriðjudaginn 2. mars kl 20:00. Umræðuefnið nú er nýtt hesthúshverfi í Mosfellsbæ.

Nokkur svæði hafa verið fundin sem hentað gætu fyrir nýtt hesthúshverfi, þessi svæði verða til umræðu á fundinum og óskað er eftir skoðunum íbúa á þeim.

Bæjarbúar eru hvattir til að mæta og kynna sér þau svæði sem til umræðu eru á heimasíðu bæjarins.



VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA


MOSFELLSBÆR



Guðaldardrengirnir og félagarnir Sigurður Þorkelsson og Guðjón Ingólfsson



Fiskikóngarnir, bræðurnir Sigurður og Erlendur Fjeldsted og Kristján Magnússon.



Lionsmaðurinn Bragi Ragnarsson til hægri ásamt sonum sínum Atla Viðari, Ragnari og Braga Páli. Herrar á öllum aldri hafa sótt sjávarréttahlaðborð Lions til margra ára.



Guðjón Magnússon í Arkform og Sigurður Teitsson Verslunartækni.



Ólafur Gunnarsson formaður VG og Guðbjörn Sigvaldason form. Samfylkingar.

Fjölmennt á Herrakvöldi Lionsklúbbs Mosfellsbæjar

HERRAR Í HLÉGARÐI

Herrakvöld Lionsklúbbsins var haldið í Hlégarði 12. febrúar. Glæsilegt sjávarréttahlaðborð að hætti Vignis var á boðstólum auk skemmtiatriða. Guðni Ágústsson fyrrverandi ráðherra var ræðumaður kvöldsins og reitti af sér brandarana. Á myndunum má sjá gesti á þessu árlega kvöldi.



Bræðurnir Jón Sævar Jónsson og Stefán Ómar Jónsson.



Óðinn Pétur deildarstjóri Varmárskóla og Pétur Pétursson fasteignasali.



Karl Tómasson og Steindór Hálfðánarson



Ívar Benediktsson blaðamaður og Guðjón Kristinnsson í Ístex.



Ásgeir Eiríksson veislustjóri, Andrés Arnalds og Kristinn Magnússon.



Vignir Kristjánsson, Björn Ástmundsson formaður Lkl. Mosfellsbæjar og Guðni Ágústsson ræðumaður kvöldsins.



Sævar Kristinnsson hjá Netspor og Björgvin Njáll Ingólfsson framkvæmdastjóri Herz.



Þróstur Karlsson og Jónas Sigurðsson



Halldór Runólfsson yfirdýralæknir og Gunnar Pétursson húsasmiður.



Guðmundur Lárusson tannlæknir, Ingólfur Árnason rafvirki og Þengill læknir.



Sindri Guðmundsson, Elín Hlégarðsdóttir og Ólafur Arnalds.



Blíkastaðarbræðurnir Sigsteinn Helgi og Magnús Þór Magnússynir.



BERNAISEBORGARI

90 GR. AF NAUTAKJÖTI

FULLT AF STÖKKU ÞEIKONI ICEBERG SALAT, GURKA, LAUKUR, FRANSKAR, HRÆRT EGG OG KÖK. HEIT BERNAISSÓSA FYLGIR FRÖNSKUM

1290,-



Opið hús

18. mars kl. 16-19

Opið hús verður í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ 18. mars kl. 16:00-19:00. Við bjóðum grunnskólanemendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra að koma og skoða skólann og fá upplýsingar um skólastarfið, námsframboð, kennsluhætti, félagslíf og helstu áherslur.

Starfsmenn FMOS

FMOS
Framhaldsskólinn
í Mosfellsbæ



Lausar íbúðir fyrir aldraða í Mosfellsbæ

Fjórar íbúðir fyrir aldraða eru lausar í Eirhömrum og Hlaðhömrum, íbúða- og þjónustuhúsi aldraðra í Mosfellsbæ. Um er að ræða öryggisíbúðir þar sem þjónusta er allan sólarhringinn.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Helgi Guðmundsson, forstjóri Eirar, og Vilborg Ólöf Sigurðardóttir hjá Eir í síma 522 5700.

Skipulags- og byggingarnefnd Mosfellsbæjar



15%
AFSLÁTTUR
GEGN FRAMVÍSUN
MÍÐANS

FERSKUR
FISKUR
Í ÚRVALI



Fiskbúðin Mos

Háholti 13-15

(milli Krónunnar og Mosfellsbakarís) Sími: 578-6699

Opnunartími:
Mánudaga: 10-19
Þri-fös: 11:30-19

Verslum í
heimabyggð



OPIÐ
TIL KL. 19
ALLA VIRKA DAGA





Kríasálmar í kirkjustarfinu

Tónlistarnámskeið fyrir foreldra og ungbörn þeirra er nýjung í safnaðarstarfi Lágafellssóknar. Á námskeiðinu er foreldrum kennt hvernig nota má söng og tónlist til að auka tengsl við börnin og örva þroska þeirra en rannsóknir hafa sýnt að tónlist hefur góð áhrif á tilfinninga- og hreyfiproska barna. Í kennslunni eru einkum notaðir sálmar og tónlist kirkjunnar en einnig þekktar vísur, hrynleikir og þulur. Námskeiðið hefst 4. mars, fer fram í Lágafells- og Mosfellskirkju og er í sex skipti. Nánar á www.lagafellskirkja.is.

Kolfinna Iðunn datt í lukkupottinn

Kolfinna Iðunn Atladóttir í 3-JV í Varmárskóla var dregin út í eldvarnagetraun Land sambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Getraunin



var lögð fyrir alla þriðju bekk í landinu í framhaldi af heimsókn slökkviliðsmanna í skólana fyrir jól. Verðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn á 112 deginum sem haldinn er árlega 11. febrúar. Í verðlaun fékk hún viðurkenningarskjal, reyðskynjara og MP3 spilara.



Myndlistarsýning í Lágafellslaug

Myndlistarsýning Magnúsar Guðmundssonar stendur nú yfir í veitingasal Íþróttamiðstöðvar Lágafells. Sýningin stendur til 7. mars og upplýsingar um myndir er hægt að fá í síma 662-1680.



Rikka og Konný með allt á hreinu.



Steinunn Ýr og Birgitta Dögg stóðu vaktina. Mosfells fljóð. Jóna Þórunn og Berglind.



Konukvöld til styrktar Kvenfélaginu haldið í nýjum veislusal, Hrauninu

Konur í Mosfellsbæ skemmta sér

Í Mosfellsbæ búa og starfa margar hæfileikaríkar konur sem vert er að tengja saman. Þær stöllur Herdís Sigurjónsdóttir, Hafdís Rut Rudolfsdóttir, Hildur R. Harðardóttir og Sigríður Sveinbjörnsdóttir tóku sig saman og stofnuðu hópinn konur í Mosfellsbæ á Facebook. Tilgangurinn með þeim hópi er að safna saman í einn hóp konum í bæjarfélaginu, fá konur til að kynnst betur og gera eitthvað skemmtilegt saman.

Fyrsta konukvöldið var haldið 13. febrúar í glænýjum samkomusal Hrauninu. Tekið var á móti konunum með fordrykk og þema kvöldsins var bling bling. Allur ágóði kvöldsins rann til Kvenfélags Lágafellssóknar.



Svartar konur í stíl. Þema kvöldsins var bling bling eins og sjá má.



Farið var vel yfir reglurnar í hópknúsinu.



Bjarndís og Áslaug skemmtu sér vel.



Ragnheiður Ríkhards og Katrín Dögg.



Herdís, Guðrún, Kolbrún, Unnur og Aníta.



Heiða, Lára og Ósk mættar í Hraunhús.



Hjálpartækjasýningin vakti mikla lukku.

Orkumikil Qi gong kynning í Kærleiksviku

Það var fjölmenni á kynningunni Mannleg reisn og Qi gong sem fór fram miðvikudaginn 17. febrúar í Íþróttasal Lágafellsskóla. Gunnar Eyjólfsson leikari og lífskúnnstner mætti með fríðu föruneyti og talaði um mannlega reisn og hina ævafornu hugsun á bak við Qi gong. Farið var í æfingar en þær miðu að ögudum líkamsburði, öndun og einbeitingu. Þátttakendur létu vel af kynningunni og æfingunum enda Gunnar frábæri fyrirlesari og leiðbeinandi.



Þátttakendur ásamt Gunnari Eyjólfssyni leiðbeinanda sem er fyrir miðri mynd.

BERNAISEBORGARI

90 GR. AF NAUTAKJÓTI

FULLT AF STÖKKU ÞEIKONI ICEBERG SALAT, GÚRKA, LAUKUR, FRANSKAR, HRÆRT EGG OG KÖK. HEIT BERNAISSÓSA FYLGIR FRÖNSKUM

1290,-

TÖKUM ÞÁTT Í AÐ MÓTA BÆINN OKKAR

Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins bjóða til funda um málefnskrá flokksins fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor.

Fundirnir verða haldnir á kosningaskrifstofu flokksins
í Krónuhúsinu við hliðina á FiskMos.

Skipt verður í málefnaþópa sem funda um:

- Fræðslumál
- Íþrótt- og tómstundamál
- Skipulagsmál
- Umhverfismál
- Fjölskyldumál
- Þróunar- og ferðamál
- Menningarmál

Nánari upplýsingar
um tímasetningar verða
sendar út í dreifibréfi og
birtar á heimasíðu Sjálfstæðis-
félagsins, www.mos.xd.is.
*Áhugasamir sendi
tölvupóst á mos@xd.is*

Allt áhugafólk um málefnskrá Sjálfstæðisflokksins velkomið!

Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ
fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 29. maí n.k.



Raviólí með kokteiltómötum og kjúkling

(fyrir tvo)

- 1 pakki Rana raviólí með tómata &
mozzarellafyllingu
- 8-10 kokteiltómatar
- 1 hvítlauksgeiri
- 1 elduð kjúklingabringa
(sniðugt að nota afganga, t.d af
heilsteiktum kjúkling)
- 1 msk söxuð basilíka

Hitið ólíufolíu og yljíð hvítlauksgeira
í henni um stund. Pressið hvítlaukinn
létt niður til að ná úr honum safanum
og veiðið því næst uppúr olíunni.
Bitið kjúkling niður og yljíð
í smá stund í olíu og bætið svo
tómötum saman við og mýkið
dálítið og látið opnast og leyfið u.þ.b.
hellingi safans að seytla úr þeim
(það verður svo sósan). Sjóðið pastað í
millitíðinni í örfáar mínútur eftir
leiðbeiningum á pakka í léttisöltuðu
vatni, sigtið og hellið sósu yfir.
Stráið saxaðri basilíku, steinselju eða
kóriander yfir.
*Í stað kjúklings má einnig t.d.
nota túnfisk úr dós.



BÍLAR VIKUNNAR

www.isband.is
www.100bilar.is

Dodge DAKOTA ST 4X2

Nýr bíll, sjálfsk, til í
nokkrum litum og tveimur
stærðum, Geislaspilari,
Tengi fyrir MP3/iPOD,
Loftkæling, Verð frá aðeins
1999 þús. kr án VSK.



ÍSLENSK-BANDARÍSKA | ÞVERHOLTÍ 6 | SÍMI 534 4433 | ISBAND@ISBAND.IS

Toyota Land cruiser

120 LX 35", árg. 5/2007,
ek. 51 þús.km, sjálfsk, 35"
breyttur, rafmagn, dráttar-
beisli, CD, omfl, Topp
eintak og litur út sem nýr!,
Ásett verð 7.290 þús.kr,



100 BÍLAR | ÞVERHOLTÍ 6 | SÍMI 517 9999 | 100BILAR@100BILAR.IS



Matthías Ingiberg Sigurðsson lék einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands eftir að hafa unnið keppni ungra einleikara. Hann lék konsert nr. 2 eftir Weber, sem er eitt erfiðasta verk sem skrifað hefur verið fyrir klarinett.

Stefnir á framhaldsnám í tónlist

Tónlist hefur verið aðaláhugamál Matthíasar frá því hann var barn en dans og leiklist hafa líka átt hug hans enda margfaldur Íslandsmeistari í samkvæmisdönsum auk þess sem hann hefur tekið þátt í hinum ýmsu leiksýningum. Hann ætlar sér að starfa við tónlist í framtíðinni og er stefnan tekin á framhaldsnám erlendis með haustinu.

Matthías Ingiberg er fæddur í Reykjavík 5. febrúar árið 1990. Foreldrar hans eru Sigurður Þorbergsson og Judith Þorbergsson en þau eru bæði tónlistarmenn að atvinnu. Systkini Matthíasar eru þau Hannah Rós fædd 1992 og Alexander fæddur 1998, þau eru bæði í tónlistarnámi. Unnusta Matthíasar heitir María Arnardóttir og er píanónemandi.

Fjölskyldan flutti í Mosfellsbæinn árið 1996 og hóf Matthías þá nám í Varmárrskóla. Hann hóf tónlistarnám sitt sjö ára gamall í Skólahljómsveit Mosfellsbæjar.

„Eftir gagnfræðapróf lá leið mín í Menntaskólann við Hamrahlíð, ég útskrifaðist þaðan um jólnin 2009. Frá árinu 2005 hef ég verið í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Mosfellingurinn Sigurður Ingvi Sigurðsson kenndi mér fyrstu fjögur árin en ég læri nú hjá Kjartani Óskarssyni og kláraði áttunda stigið í fyrra.”

Hefur komið víða við


Matthías hefur komið fram með hinum ýmsu hópum og má þar nefna m.a. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Blásarasveit Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík, auk þess að hafa komið fram með minni kammerhópum í TR og LHÍ. Hann hefur einnig sótt masterklassa hjá Dimitri Ashkenazy og Martin Fröst. Síðastliðið sumar hlaut hann styrk til þess að fara á námskeið í Dartington á Englandi hjá hinum víðkunna klarínnettuleikara Alan Hacker.



Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is



Fjölskyldan, Sigurður Þorbergsson, Judith Þorbergsson, Hannah, Matthías og fyrir framan er Alexander.



Ætla að starfa við tónlist

Auk hins hefðbundna klassíska náms hefur Matthías kynnt sér klezmer- og balkantónlist og hefur hann sótt námskeið og einkakennslu á þeim sviðum. Ég spyr hann út í klezmer tónlistina sem er gyðingátónlist. „Já, ég hef alltaf haft mikinn áhuga á þessari

tónlist. Þetta er nokkurskonar swing með austurevrópskum áhrifum sem á uppruna sinn að sækja til austurevrópskra innflytjenda af gyðingaættum í Bandaríkjunum á upphafi tuttugustu aldarinnar.”

Aðspurður um framtíðarþlönin segir hann. „Ég ætla mér að starfa við tónlist og stefni á áframhaldandi nám. Ég og María kærastan mín ætlu að sækja um Conservatorium van Amsterdam, og ef allt gengur að óskum munum við hefja þar nám næsta haust.”

Gaman af leiklist

„Ég hef lengi haft gaman af leiklist. Sumrin 2004-2006 tók ég þátt í leiklistarnámskeiðum á vegum Leikfélags Mosfellsuveitar en hef tekið þátt í hinum ýmsu leikritum þar fyrir utan. Helst má nefna Draugadans, leiksýningu sem MH setti upp árið 2006, stuttverkahátíð sem haldin var í Borgarleikhúsinu 2007 og svo hef ég leikið einleik sem Sigrún Harðardóttir skrifaði handa mér fyrir Margt smátt.

Listahópurinn Flumbri, sem ég, Sigrún Harðardóttir, Agnes Þorkelsdóttir Wild og Egill Kaktus Þorkelsson Wild stofnuðum árið 2008 starfaði á vegum Mosfellsbæjar það sumar og var með ýmsar uppákomur, ýmist leiksýningar, tónleika, gjörninga og ljóðalestur. Ég var einnig meðlimur í götuleikhúsi Hins Hússins í Reykjavík.”

Starfar í hljómsveitum

„Ég gekk í hljómsveitina Blæti snemma árs 2007 sem auk mín, skipa trommuleikarinn Óskar Kjartansson, hljómborðsleikarinn Þórður Sigurðarson og bassaleikarinn Borgþór Jónsson. Við spilum nokkurskonar súpu af jazz, klezmer, balkantónlist, pönk, fönk og grúv. Ég hef líka lært svolítið af Balkantónlist og þá einna helst búlgarskri þjóðlagatónlist. Ég hef sótt nokkra tíma hjá Hauki Gröndal í balkantónlist og er nú í balkanhljómsveit sem samanstendur af langt komnum tónlistarmönnum, flestum í Listaháskóla Íslands.”

Kennir á klarínnettu

„Í dag starfa ég hjá Skólahljómsveit Grafarvogs, þar kenni ég á klarínnettu og hef verið þar síðan haustið 2008. Tónlistarnámið er það sem á hug minn allan þessa stundina og ég er að undirbúa burtfarartónleikana mína sem verða 28. apríl í Salnum í Kópavogi.”

Myndir: Ruth Örnólfs, Erling Ó. Aðalsteinsson og úr einkasafni.

BOLTABALL

6. MARS
2010

HLÉGARÐUR OPNAR KL. 19

MEÐ FORDRYKK

BORÐHALD HEFST KL. 19:30

VEISLUSTJÓRAR

RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR ALÞINGISKONA

HILMAR GUNNARSSON RITSTJÓRI MOSFELLINGS

VEGLEGT HAPPADRÆTTI

STEFANÍA SVAVARSDÓTTIR „STUÐMAÐUR” SYNGUR

GRÍNISTINN ARI ELDJÁRN MEÐ UPPISTAND

BOB GILLAN OG ZTRANDVERÐIRNIR

HALDA UPPÍ STUÐINU FRAM EFTIR NÓTTU



Bob Gillan
og Ztrandverðirnir



Veislustjórar kvöldsins:
Ragneiður og Hilmar



Uppistand og grín:
Ari Eldjárn



Allur ágóði rennur til
mfl. handknattleiksdeildar

VERÐ AÐEINS:
4.500 KR.
1.500 KR. EFTIR KL. 23:30

MIÐASALA

Í ÍPRÓTTAHÚSINU AÐ VARMÁ



HANDKNATTLEIKSDEILD



LITRÍKUR ÖSKUDAG



UR Í MOSFELLSBÆ



Trúbadorar með tónleika á Ásláki

Trúbadorarnir og söngva-skáldin Uni og Jón Tryggvi halda tónleika á Ásláki föstudagskvöldið 5. mars kl. 21. Uni, Unnur



Arndísardóttir, stígur á stokk í fyrsta sinn í sínum heimað en hún er dóttir Lalla Ljósraða. Uni og Jón Tryggvi gáfu bæði út sína fyrstu sólplötur fyrir jól og lofa kósý og notalegri kvöldstund á Ásláki þar sem frítt verður inn.



Farþegar ánægðir með þjónustuna

Gæðavísitala þjónustu Strætó bs. hefur aldrei verið hærri frá stofnun byggðasamlagsins en nú, að því er fram kemur í niðurstöðum þjónustumats sem fram fór fyrir áramót. Skýrist það einkum af því að ánægja farþega með hitastig og innan-þríf vagna mælist meiri en áður, stundvísi og aksturlag hefur batnað og viðmót vagnstjóra mælist nú mun betra en áður. „Þennan frábæra árangur má þakka samstilltu átaki starfsmanna – og við hyggjumst ekki láta staðar numið hér, heldur bæta okkur enn frekar á komandi árum,“ segir Reynir Jónsson framkvæmdastjóri Strætó.



Stofnun heilsu-klasa í Mosfellsbæ

Stefnt er að stofnun heilsuklasa í Mosfellsbæ í því skyni að byggja upp og efla alla starfsemi og þekkingu á sviði heilsueflingar, heilsuræktar og endurhæfingar í Mosfellsbæ. Kynningarfundur verður haldin fimmtudaginn 4. mars kl. 20 í Listasal Mosfellsbæjar. Hugmyndin að verkefni þessu er að hagsmunaaðilar ásamt tengdum aðilum, taki sig saman um að móta klasa sem byggir á þeirri þekkingu og reynslu sem samfélagið í Mosfellsbæ býr yfir á sviði endurhæfingar og heilsueflingar.



Landsmót SÍSL, Samtaka íslenskra skólalúðrasveita fór fram í Mosfellsbæ á dögunum. Fjöldi ungra og efnilegra hljóðfæraleikara stíga á stokk í íþróttahúsinu að Varmá og húsfullir var á sameiginlegum tónleikum allra sveita á sunnudeginum.



Þórey Valdimarsdóttir er sjálfboðaliði hjá Kjósarsýsludeild Rauða krossins

„Vildi gjarnan geta gert meira“

„Upphaflega ástæðan fyrir því að ég gerðist sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum var að ég missti vinnuna í vor,“ segir Þórey Valdimarsdóttir sjálfboðaliði í þrjónahópi hjá Kjósarsýsludeild. „Ég varð fyrir miklu áfalli og leið mjög illa lengi á eftir. Mig langaði mest bara að breiða upp fyrir haus en vissi að ég mátti alls ekki leggjast í einhverja eynd og volæði. Ég hafði séð auglýsingu um þrjónaverkefni Rauða krossins og gekk upp í Þverholt 7 þar sem Kjósarsýsludeild er til húsa. Þar sýndi ég starfsmanni deildarinnar nokkrar barnapeysur sem ég hafði heklað og við ákváðum að setja strax á fót þrjónahóp í Mosfellsbæ.“

„Eftir það kom ég í Rauða krossinn í hverri viku með húfur og teppi sem ég hafði heklað. Um leið fékk ég meira garn en mikið af efninu sem við notum er afgangsgarn. Við þiggjum allt garn, lopa, heklunálar og þrjóna sem fólk vill gefa okkur því það er ekki til sá afgangspotti að hann nýtist ekki einhvern veginn.“

Stuðningur til að takast á við erfiðleika

„Starfið með Rauða krossinum skipti gríðarlega miklu máli fyrir mig meðan ég var atvinnulaus og er enn mjög mikilvægt þó að ég sé nú í fullri vinnu og hafi minni tíma,“ sagði Þórey. „Í þrjónahópnum fékk ég frábæran stuðning til að takast á við erfiðleikana. Það sem þó hefur hjálpað mér mest er að hafa fengið tækifæri til að hjálpa öðrum. Það gefur manni ótrúlegan styrk að finna



það að maður geti gert gagn og ég vildi gjarnan geta gert meira.“

Þrjónahópurinn kemur saman í húsnaði Rauða krossins í Þverholti 7 á hverjum miðvikudegi milli eitt og þrjú og er vel tekið á móti nýju fólki. Nú nýverið sendi hópurinn frá sér 50 ungbarnapakka til skjólstaðinga Rauða krossins í Hvíta-Rússlandi og Moldavíu.

Marteinn

Magnússon

1. sæti

VINNUSEMI

HÓFSEMI

HEIÐARLEIKI

PRÓFKJÖR
Framsóknarfélags
Mosfellsbæjar
27. febrúar 2010



Straujað í fimm metra hæð hangandi í þunnum spotta.



Hóparnir frá Mosverjum biða fyrirmæla.



Nefrennslí reynir fyrir sér í veltikúlsþili.

Skátafélagið Mosverjar stóð sig vel í forkeppni Mosverjar á Smáþjóðaleika

Í sumar verða Smáþjóðaleikar skáta haldnir á Úlfjótssvatni. Um helgina var forkeppni og sendu Mosverjar tvö lið í keppnina en fimm manns eru í hverju liði. Þetta eru skátar á aldrinum 13 til 16 ára.

Bæði liðin stóðu sig frábærlega. Liðið Nefrennslí, skipað Þorsteini Stefánssyni, Guðmundi Garðari Árnasyni, Magna Þór Péturssyni, Gunnari Inga Stefánssyni og Friðriki Sigurðssyni komst ekki í lokakeppnina en sýndi góða tilburði.

Liðið Exstream Barbababbar, skipað Bergsveini Stefánssyni, Harald

Jökli Brjánssyni, Jóhönnu Emblu Þorsteinsdóttur, Snorra Elefsen og Þórhildi Þorbjarnardóttur gerði sér lítið fyrir og varð annað tveggja liða til að komast í lokakeppnina.

Æfingar frá áramótum

Keppnisgreinar voru langt frá því að vera hefðbundnar íþróttagreinar. Keppt var m.a. í eggjakasti, hraðþrautabraut, dansi, klifri og einhjóláhljólreiðum. Inn í þetta fléttadist m.a. áhættustraujun en þá þurfti keppandinn að sýna fram á að hann gæti straujað í sex metra hæð hangandi í þunnu bandi.



BIKARÚRSLIT
Í HÖLLINNI Í KVÖLD
FÖSTUDAGINN 26. FEB.

JUMBOYS - ÍR
KL. 20:46

MÆTTU!!!



Mozart og meintur banamaður í Listasalnum

**Þriðju tónleikar Tónlistarfélags Mosfellsbæjar
á þessu starfsári, verða haldnir í Listasal
Mosfellsbæjar þriðjudaginn 2. mars kl. 20.00.**

Á efnisskránni eru óperuariur eftir Mozart og Salieri, en sá síðarnefndi fullyrti í elli sinni að hafa verið bana-
maður Mozarts. Leikritaskáldið Paul Shaffer gerir sér mat úr þessu leikriti sem síðar varði frægt í samnefndri kvikmynd eftir Milos Forman. Í raun var Salieri merkilegt tónskáld sem nútíminn sinnir nú af auknum áhuga. Flytjendur eru þeir nafnkunnir söngvarar; Hulda Björk Garðarsdóttir, Sesselja Kristjánsdóttir og Davíð Ólafsson ásamt Chalumeaux-tríóinu sem skipað er klarínnettuleikurum Ármanni Helgasyni, Kjartani Óskarssyni og Sigurði Ingva Snorrasyni, bæjarlistamanni Mosfellsbæjar 2009.



Tónlistarfélag
Mosfellsbæjar

Snorra Hreggviðsson í

2.
sæti



FRAMSÓKNARFLOKKURINN



Mosfellsbær er sveit að mínu skapi !

- **Atvinnumál**
- **Íbúalýðræði**
- **Umhverfis- og samgöngumál**



Skoðun þín skiptir mig máli !

Snorra í 2. sæti í prófkjöri Framsóknar 27. febrúar
Kynntu þér málið á snorrihre.blog.is



BERNAISEBORGARI

90 GR. AF NAUTAKJÖTI

FULLT AF STÖKKU ÞEIKONI ICEBERG SALAT, GURKA,
LAUKUR, FRANSKAR, HRÆRT EGG OG KÖK.
HEIT BERNAISSÓSA FYLGIR FRÖNSKUM

1290,-

Dreift frítt í Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjós - **MOSFELLINGUR**

Afrekshópur Aftureldingar stofnaður

Afrekshópur var formlega stofnaður fimmtudaginn 18. febrúar. Hópurinn samanstendur af 42 afreksmönnum úr 9 af 10 deildum félagsins. Um er að ræða alla þá sem hafa verið valdir í landsliðs- eða úrvalshópa hjá sérsamböndunum eða uppfyllt þær lágmarkskröfur sem deildir hafa sett. Þjálfari hópsins er Halldór Lárusson, frjálisþróttamaður og hefjast sameiginlegar æfingar strax í næstu viku. Þátttakendur í hópnum skrifa undir samning við inngöngu í hópinn þar sem þau m.a. ásetja sér að leggja sig 100% fram, setja íþróttina í forgang og að neyta ekki tóbaks, áfengis né annara vímuefna. Hópurinn verður í sérmerktum æfingajökkum sem merktir verða með gylltu.



Páskaboltar seldir fyrir páskana

Knattspyrnudeild verður með glæsilega súkkulaði páskabolta til sölu fyrir páskana. Boltarnir eru 900 grómm, með helling af nammi og málshætti. Boltarnir kosta 3.000 kr. og er hægt að panta með því að senda póst á afturelding@internet.is



Ógreidd æfingagjöld í fótbolta

Stjórn barna- og unglingaráðs hvetur foreldra iðkenda í knattspyrnudeild sem enn hafa ekki gengið frá greiðslum á æfingagjöldum að gera það hið snarasta. Rekstur deildarinnar, eins og launagreiðslur til þjálfara velta á því að foreldrar greiði æfingagjöldin. Rekstarumhverfið er, eins og á öðrum stöðum, mjög erfitt þar sem margir styrktaraðilar sem hafa veitt deildinni lið síðustu ár, hafa sagt upp samningum. Nánari upplýsingar má fá gegnum póstfangið umfa@afturelding.is.



A lið 6. flokks kvenna í handknattleik sigraði á Íslandsmótinu í Garðabæ Frábær árangur hjá 6. flokki kvenna

Stelpurnar í 6. flokki léku á Íslandsmótinu í lok janúar í íþróttahúsi Stjörnunnar en alls fór Afturelding með þrjú kvennalið. A-liðið náði þeim frábæra árangri að ná fyrsta sætinu á mótinu. Mikil gróska er í kvennaboltanum og verður gaman að fylgjast með stelpunum í framtíðinni. Þjálfarar liðsins eru Steinunn Þorkeldsdóttir og Sigrún Mús.



Afturelding í 2. sæti á Íslandsmeistaramótinu Karatekrakkar til sóma

Krakkar frá Aftureldingu stóðu sig með sóma á Íslandsmeistaramóti barna og unglinga í kata sem fram fór 20. febrúar. Frá karate deild Aftureldingar fóru 16 keppendur, þrír fengu gull og margir fóru heim með verðlaunapeninga og bikara. Stóðu krakkarnir sig með miklum sóma á mótunum og lenti Afturelding í 2. sæti yfir heildarstig félaga á barnamótinu.



Góður árangur í Taekwondo

Um síðustu helgi lauk öðru af þremur bikarmótum SsangYong Taekwondo sambandsins og fór Afturelding með vel undirbúinn hóp á mótið. Í nóvember var fyrsta bikarmótið haldið í íþróttahúsinu við Varmá og hlaut Afturelding framúrskarandi árangur. Fyrir utan árangur einstakra iðkenda þá vann Mikael Richardsson titilinn „Keppandi mótsins“ fyrir 1. sæti í bæði formi og bardaga. Um síðustu helgi lenti félagið í 2. sæti á eftir Keflavík og voru bæði með yfirburða stigagjöf miðað við önnur félög. Ekki nóg með að hafa náð góðum árangri um helgina heldur vann Inga Laufey Ágústsdóttir titilinn „Keppandi mótsins“ en þetta var hennar fyrsta mót. Enn og aftur sýna krakkarnir að þau ætla sér langt í íþróttinni.

BIKARÚRSLITALEIKUR Í LAUGARDALSHÖLL SUNNUDAGINN 28. FEBRÚAR KL. 12
4. FLOKKUR KARLA Í HANDKNATTLEIK (A-LIÐ) SPILAR VIÐ FRAM

BERNAISEBORGARI

90 GR. AF NAUTAKJÓTI
FULLT AF STÖKKU BEIKONI ICEBERG SALAT, GÚRKA,
LAUKUR, FRANSKAR, HRÆRT EGG OG KÖK.
HEIT BERNAISSÓSA FYLGIR FRÖNSKUM

1290,-

Sveinbjörn Ottesen í

✓ **4** sætið

Nú er tími breytinga.
Vinnum saman,
gerum góðan bæ betri.

Prófkjör Framsóknarmanna
í Mosfellsbæ 27. febrúar 2010



MOSFELLSBÆR

Auglýsing um kjörstað og aðsetur yfirkjörstjórnar Mosfellsbæjar.

Kjörstaður vegna Þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fer þann 6. mars 2010 er í Lágafellsskóla við Lækjarhlíð og stendur kjörfundur frá kl. 09-22.

Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag þann 6. mars 2010 verður á sama stað.

Mosfellsbæ 26. febrúar 2010.

Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar

Þorbjörn Inga Jónsdóttir formaður
Haraldur Sigurðsson
Valur Oddsson



MOSFELLSBÆR

Kjörskrá í Mosfellsbæ vegna Þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars 2010.

Samanber 2. gr. laga nr. 4/2010 um þjóðaratkvæðagreiðslu og sbr. 24. gr laga um kosningar til Alþingis, auglýsir bæjarstjórn Mosfellsbæjar að kjörskrá vegna **Þjóðaratkvæðagreiðslu þann 6. mars 2010**, liggur frammi almenningi til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar að Þverholti 2, á skrifstofutíma **frá kl. 08:00 – 16:00**, frá og með 26. mars 2010 og til kjördags.

Bæjarritari Mosfellsbæjar

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

Atvinnusköpun og umhverfismál!

Heilsutengd ferðapjónusta er ung og upprennandi atvinnugrein á Íslandi. Þjónusta við erlenda sjúklinga og aðstandendur þeirra getur verið gríðarlega atvinnu- og verðmætaskapandi og getur gætt samfélag okkar skemmtilegum anda. Dæmi um heilsutengda þjónustu sem hagkvæmt getur verið að bjóða upp á eru til dæmis magahjáveituaðgerðir með tilheyrandi lífsstílstengdri of-
fitu meðferð.



Á **Reykjalundi** er rekin sérhæfð deild fyrir offitusjúklinga og væri snjallræði að útvíkka þá starfsemi fyrir bæði innlenda og erlenda skjólstaðinga. Reykjalundur er eins og Mosfellingar vita gríðarlega öflugur vinnustaður og vaggja endurhæfing-
arstarfsemi á Íslandi. Það er þess vegna rökrétt að efla og víkka út þá starfsemi sem fyrir er á Reykjalundi og stofna hugsanlega til samstarfs við aðila sem ætla sér stóra hluti í þjónustu við erlenda sjúklinga. Þetta á sér í lagi við endurhæfingu í tengslum við liðskiptaáðgerðir á mjöðmum og hnjám sem til dæmis eru fyrirhugaðar í einkareknu sjúkrahúsi Iceland Health á Ásbrú hjá Kadeco (Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar). Ýmislegt annað kemur til greina svo sem fyrirhugað stórverkefni Primacare um byggingu sjúkrahúss, hótels og tengdrar þjónustu á bökkum Köldukvíslar. Þetta verkefni er því miður frekar skammt á veg komið og leitað er fjármagns eins og í mörg önnur uppbyggileg verkefni á Íslandi. Þegar bæjaryfirvöld leituðu leiða til að styðja Primacare verkefnið þá voru búnir til fjármunir „á pappírnum“ með því að stækka byggingarreit sem Ístak hefur til ráðstöfunar á fyrirhuguðu

byggingarsvæði á Tungumelum. Þarna var því miður farið óvarlega með því að fara innfyrir hverfisverndarmörk við Köldukvísl. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem bæjaryfirvöld leyfa sér að gera þetta á kjörtímabilinu og verðum við að gæta þess

að vinna ekki gegn langtímahagsmunum Mosfellsbæjar sem eru m.a. hrein og óspillt náttúra.

Náttúran er meðal annars það sem gerir Mosfellsbæ að fýsilegum kosti fyrir heilsutengda ferðapjónustu. Við þurfum að hlúa að henni á öllum sviðum t.d. með viðeigandi umgengni við vatnsverndarsvæði svo takast megi að sjá íbúum fyrir nægilegu köldu og heitu vatni innan bæjarmarkanna. Stór hluti kalda vatnsins okkar kemur frá Reykjavík og er hyggilegt að Mosfellsbær verði sjálfum sér nógur um vatn í framtíðinni.

Staðardagskrá 21 og gildi Mosfellsbæjar; jákvæðni, virðing, framsækni og umhyggja verða að fara saman með heildarhagsmunum en eru ekki einungis eitthvað til að hampa á tilliðögum!

Undirritaður hefur hvatt til að einnig verði leitað leiða til að ýta úr vör atvinnuskapandi verkefnum í smærri stíl en að ofan greinir og styður heilshugar stofnun **Heilsufélags Mosfellsbæjar**. Jón Pálsson formaður Aftureldingar og Sævar Kristinsson rekstrarráðgjafi hjá Netspor hafa á undanföllum mánuðum unnið ótullaða að því að skapa sameiginlegan vettvang fyrir heilsutengda starfsemi í Mosfellsbæ. Þróunar- og ferðamálanefnd hefur ásamt starfsmönnum Mosfellsbæjar samþykkt drög að stofnsamþykkt Heilsufélagsins og er stefnt að því að það komist á laggirnar fljótlega. Ég hvet alla áhugasama atvinnurekendur og Mosfellinga sem eiga hagsmuna að gæta í ferða- eða heilsutengdri þjónustu að taka þátt í stofnun og mótun Heilsufélagsins.

Undirritaður hefur bent á það á fundi þróunar- og ferðamálanefndar að ekki sé þénugt að stofna sérstakt félag í hvert skipti sem fýsilegt verkefni rekur á fjörunar. Ég vil að Mosfellsbærstofnialmenntatvinnu-
Þróunarfélag sem hafi það hlutverk að sameina krafta ólíkra hagsmunaaðila, vera þróunar- og nýsköpunarverkefnum hlíf og stökkpallur út í atvinnulífið en ekki eiginlegt rekstrarfélag því Bæjarútgerð er úrelt rekstrarform.

Snorri Hreggviðsson verkfræðingur, situr í þróunar- og ferðamálanefnd Mosfellsbæjar og býður sig fram í 2. sæti í prófkjöri Framsóknarflokksins í Mosfellsbæ 27. feb.

Sjálfbær þróun í Mosfellsbæ

Til að stuðla að sjálfbærri þróun er gjarnan byrjað á því að ákveða hvert skuli stefna. stefnumótun var unnin á síðasta ári og kynnt í vönduðum bæklingi síðastliðið sumar. Næsta skref er síðan að ganga frá því hvernig koma eigi því sem stefnt er að í framkvæmd.



velja sem mest af umhverfismerkum vörum.

Grænt bókhald

Bæjarráð hefur einnig ákveðið að stefnt skuli að því að taka upp grænt bókhald.

Hvað er grænt bókhald? Það er bókhald sem gefur upplýsingar um það, hvernig umhverfismálum er háttað í starfsemi inni í formi tölulegra upplýsinga. Þessum upplýsingum er síðan haldið til haga í skýrslu sem gefin er út árlega. Þá er hægt að bera saman tölur um t.d. hráefnis-, rafmagns- og vatnsnotkun, magn úrgangs, losun efnis út í umhverfið o.fl.

Markmið græns bókhalds er að gefa vísbendingar um starfsemina svo hægt sé að takmarka eins og hægt er óæskileg umhverfisáhrif. Þannig er hægt að koma til skila til íbúanna hvernig bæjarfélagið stendur sig í umhverfismálum.

Allt þetta hvetur til umhugsunar. Hvað getum við gert betur? Hvernig getum við nýtt betur allt það sem við teljum okkur þurfa dagsdaglega til að okkur líði vel? Hvernig varðveitum við umhverfið best? o.fl. o.fl.

Það er reyndar ekki nóg að setja sér háleit markmið. Það þarf að fylgja því eftir að það sem ákveðið hefur verið, verði gert. Það er verkefni næstu ára. Okkur Vinstri græn-
um er best treystandi til að sjá til þess, að þessi þýðingarmiklu verkefni fái áfram þá athygli sem nauðsynleg er í starfsemi Mosfellsbæjar.

Ólafur Gunnarsson, varaformaður skipulags- og byggingarnefndar. Formaður Vinstri grænna í Mosfellsbæ.

Umhverfissvæn innkaupastefna

Í síðustu viku samþykkti bæjarráðið drög að innkaupastefnu Mosfellsbæjar.

Reglurnar eiga meðal annars að stuðla að því að að litid sé til umhverfissjónarmiða og líftíma vöru við innkaup. Við mat á hagkvæmni tilboðs skal því taka tillit til umhverfissjónarmiða. Í því felst m.a. að velja umhverfissvæna vöru og þjónustu sem hefur í för með sér sem minnstan úrgang og lágmörkun í magni hráefnis og orku. Leitast skal líka við að

Kæri kjósandi

Ég hef notið þeirra forréttinda að hafa alist upp og búið í Mosfellsbæ því sem næst allan minn aldur. Í þessum góða bæ hef ég kosið að ala börnin mín upp. Horft á sveitina mína breytast úr lítilli sveit í stóran bæ.



Á þessum stutta tíma hefur fjölgað jafnt og þétt og lætur nærri að fjölgunin sé um 20 föld og uppbygging íbúðahverfa hefur verið mikil. Að sama skapi hefur atvinnutækifærum í bæjarfélaginu ekki fjölgað í takt við þessa þróun. Og Mosfellsbær hafi tekið á sig stimpilinn svefnbær. Þessu þarf að snúa við með því að hlúa að fyrirtækjunum okkar, ásamt því að laða til okkar ný fyrirtæki og atvinnutækifæri.

Mosfellsbær hefur á að skipa miklum mannaúdi með margvíslega menntun og reynslu. Hér geta allir fundið áhugamál við sitt hæfi. En hópurinn sem hefur gleymst eru

aldraðir. Ég hefði ekki trú að því sjálf, að á 21. öldinni stundum við enn hreppaflutninga, og það á öldruðum. Því er það mjög brýnt verkefni að huga að byggingu hjúkrunaheimils þar sem aldraðir geta notið áhyggjulauss ævkvílds.

Við höfum þá sérstöðu að búa í nánd við náttúruna. Við höfum göðar gönguleiðir og reiðleiðir o. fl. Öll getum við farið út og notið þessara forréttinda. Fatlaðir hafa ekki verið hátt skrifaðir í bæjarfélaginu, og ekki gert ráð fyrir þeim. Ég þekki það að eigin reynslu, sjálf á ég fatlaðan son. Þessu þarf líka að breyta því fatlaðir eru líka fólk. Kæru Mosfellingar mig langar til að biðja um stuðning ykkar til að koma þessum málaflokkum ofar í forgangs röðinni.

Linda Björk Stefánsdóttir býður sig fram í 3.-4. sæti á lista Framsóknarflokksins.

Mosfellingur á netinu



www.mosfellingur.is



BERNAISEBORGARI

90 GR. AF NAUTAKJÖTI
FULLT AF STÖKKU BEIKONI ICEBERG SALAT, GURKA, LAUKUR, FRANSKAR, HRÆRT EGG OG KÖK.
HEIT BERNAISSÓSA FYLGIR FRÖNSKUM

1290,-



Samskipti manns og náttúru mættu víða vera betri

Víða eru slæm ummerki um utanvegaakstur í Mosfellsbæ. Ekki þurfum við að fara langt til að sjá fremur ljót, nýleg sár í náttúrunni.

Úlfarsfellið

Lengi hefur Úlfarsfell verið vinsælt til útivistar. Ganga á fjallið telst vera fremur létt enda svíkur útsýnið engan. Mjög víðsýnt er um Mosfellsbæ, yfir Faxaflóann og um allt höfuðborgarsvæðið til alls Reykjanesfjallgarðsins og yfir Heiðmörk og Miðdalsheiði.

En gleði okkar spilla vegaslóðar sem má sjá á áberandi stöðum uppi á fjallinu. Þessir slóðar liggja upp á fjallið að sunnan og einn liggur í austur átt í átt að Hafravatni. Þessir slóðar hafa jeppaævintýramenn mótað á undanförunum árum. Er miður hvernig þessi ummerki utanvegaaksturs verða stöðugt verri og meira áberandi með hverju árinu sem líður.

Sjálfsgaet mætti án mikillrar fyrirhafnar loka þessum leiðum og efla með því gróðurfar á fjallinu. Rétt er þó að benda á, að svifdrekamenn þurfa nauðsynja sinna vegna að koma búnaði sínum á fjallið en setja mætti sanngjarnar reglur um umferð vélknúinna farartækja þeirra upp á fjallið.

Á hátind fjallsins hefur nýlega verið komið fyrir einhvers konar loftneti eða sendistöð sem mér skilst að ekki hafi verið sótt um sérstakt leyfi fyrir hjá þeim yfirvöldum sem málið heyrir til. Það er mjög einkennilegt að einhver aðili taki upp á sínar eigin spýtur einhliða rétt að koma þessu upp á áberandi stað á fjallinu og er sjálfsgaet að viðkomandi yfirvöld fari í saumana á því máli.

Aukum útivistargildi fjallsins

Til fegurunar fjallinu mætti planta ýmsum trjátegundum og runnum til skjóls og yndisauka, leggja göngustíga þar sem ganga mætti jafnvel á gönguskiðum á vetrum, setja upp bekkir og jafnvel hafa einhverja aðra góða aðstöðu fyrir göngufólk. Þegar fram líða stundir mætti jafnvel koma á fót veitingaskála líkum þeim



Guðjón Jensson skrifar um umhverfismál í Mosfellsbæ

„Við þurfum að hugsa betur um náttúru okkar“

1. ÞÁTTUR: ÚLFARSFELL



og var í Nauthólsvík og var mjög vinsæll. Á nokkrum stöðum eru leifar frá hernámsárunum sem sjálfsgaet mætti gera tilhlýðileg skil en í Úlfarsfjallinu var njósnahreiddur Breta og nokkur vígi.

Hér er um mjög mikilsvert verkefni að ræða sem sveitarfélögin tvö, Mosfellsbæ og Reykjavíkurborg gætu unnið saman með að markvissri áætlun um hvernig íbúar höfuðborgarsvæðisins geti nýtt fjallið sem best.

Nú er það tillaga mín að Mosfellsbær bjóði Reykjavíkurborg upp á náði samstarf með landnýtingu fjallsins í huga, fyrst og fremst til útivistar. Æskilegt væri að bæði þessi sveitarfélög stuðli sem mest og best að hollri útivist á fjallinu en án vélknúinna ökutækja! Spurning er hvort sveitarfélögin efni til sameiginlegrar verðlaunasamkeppni meðal landslagsarkitekta um góðar hugmyndir um fjallið ekki seinna en þegar hentugri og betri tímar í efnahagslífi þjóðarinnar leyfa.

Þessu mikilsverða máli er hér með komið á framfæri við umhverfisnefnd Mosfellsbæjar og umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkur til umfjöllunar.

Guðjón Jensson
formaður Umhverfis- og
náttúrufræðifélags Mosfellsbæjar

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

20% AFSLÁTTUR
- gegn framvísun miðans

ARISTÓ
hárstofa

20% afsláttur af Tigi Rockaholic vörum gildir til 19. mars.

Háholt 14, s. 566-8989

Parftu að breyta eða bæta, utandyrar sem innan?
Tökum að okkur nýsmíði, sérsníð, viðhaldsvinnu og endurbætur.

Álafossvegur 27 - s. 586-8356 (verkstæði) - fax 586-8357
s. 894-0006 (Gunnar) - ishamar@ishamar.is

RBS ehf
ráðgjöf - bókhald - skattskil

Gunnar Haraldsson, hagfræðingur
löggtur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali
löggtur leigumiðlari

Þverholti 11, 270 Mosfellsbær - Sími 561 0244
Gsm 692 4000, 697 3500 - fax 561 0240 - rbs@centrum.is

Eru rennurnar og niðurföllin hjá þér farin að leka?

Fyrirtækið Rennur og niðurföll tekur að sér að endurnýja og laga rennur og niðurföll, einnig aðra þakvinnu.

Uppl. í síma: 694-8448, Ólafur

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR

CELETTE
Fullkomnustu grindarréttinga- og mælitæki sem völ er á hér á landi

Flugumýri 20
270 Mosfellsbær
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is

Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýtir best Nýja Bílasmiðjan

NÝJA BÍLASMIÐJAN HF

BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

Fyrsta prófkjör Framsóknarmanna í Mosfellsbæ

Pann 27. febrúar n.k. gefst þér kostur á að raða á lista í fyrsta prófkjöri Framsóknarmanna í Mosfellsbæ. Með því að taka þátt hefur þú áhrif á röðun þeirra sem þú treystir best til að leiða sveitarfélagið þitt á næsta kjörtímabili. Það mætti því segja að þetta sé í raun þitt persónukjör.



ir eru eða skrá sig í Framsóknarflokkinn og eru með kosningarétt og lögheimili í Mosfellsbæ á kjördegi. Kosningin er bindandi fyrir sex efstu sætin.

Miðjan er mikilvæg

Hlutverk sveitarstjórnarfólks á miðju stjórnmálanna hafur aldrei verið mikilvægara en einmitt nú. Sú „Skuldaborg“ sem núverandi ríkistjórn hefur haldið heimilum og fyrirtækjum í undanfarið ár gerir það enn brýnna en nokkru sinni að auka enn frekar skilvirkni og gæði þjónustu sveitarfélagsins frekar enn að hækka álgötur á heimilinn. Lykillinn að því er aukin þátttaka íbúa og aukin samvinna.

Breytinga þörf

Nauðsynlegt er að stuðla að bættu siðferði, heiðarleika og gegnsæi í

rekstri bæjarfélagsins. Aðeins með bættri stjórnsýslu er hægt að tryggja jafnræði meðal bæjarbúa.

Öflug atvinnustefna er ein af grundvallarstefnum Framsóknarflokksins og tel ég mjög mikilvægt að við eflum atvinnulíf í Mosfellsbæ því sterkt atvinnulíf í nærsamfélaginu þýðir aukin lífsgæði íbúanna. Þetta gæti sveitafélagið með því að skapa frjóan jarðveg fyrir hver konar nýja atvinnustarfsemi og stuðla með markvissari hætti að nýsköpun.

Þá er mjög mikilvægt er að verja hagsmuni barnafjölskyldna í Mosfellsbæ.

Við getum ekki haldið áfram með óbreytt umhverfi og velt öllu yfir á heimilinn. Mikilvægt er að leita samvinnu allra aðila og skapa þannig sameiginlega framtíðarsýn. Sveitarfélögin geta tekið þátt í að endurreisa og hjálpa til og auka jöfnuð í

ríkari mæli en nú er. Það mætti sjá fyrir sér að hjálpa þeim heimilum sem eru í greiðsluerfiðleikum með tímabundinni lækkun fasteignagjalda að undangengnu mati.

Með reynslu fram til forystu

Ég hóf að starfa að bæjarmálum árið 2002, var þá varabæjarfulltrúi auk þess að sitja í fjölskyldunefnd og heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis. Undanfarin fjögur ár hef ég verið bæjarfulltrúi og áheyrnarfulltrúi í bæjarráði auk þess að eiga sæti í skipulags- og byggingarnefnd.

Þessi störf hafa veitt mér mjög mikla ánægju og myndi reynsla mín nýtist áfram í þágu bæjarins næstu árin.

Ég vonast eftir stuðningi í fyrsta sætið í prófkjörinu.

Marteinn Magnússon
bæjarfulltrúi

Athugasemd við blogg

Nýverið var athygli mín vakin á bloggi, sem birtist á Mbl.is. Höfundur er Ólafur í Hvarfi. Efnið var einkum hin „spillta forystu Sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ“ sem sætir þarna hörðum árásum fyrir „klíkuskap, siðleysi og sukk“.



Ípróttafélög í sínu umdæmi á svipuðum nótum og hér var gert.

Samningur þessi er enn í gildi og því enn umgjörð um þann stuðning, sem þessi félög njóta frá bæjarstjórninni. Óþarft ætti að vera að taka fram að þessi samningur var löngu frágenginn og undirritaður þegar núverandi bæjarstjóri hóf afskipti af bæjarmálum. Ekkert í framkvæmd hans hefur breyst í bæjarstjórnartíð Haraldar.

Hitt atriði, sem ég vil gera athugasemdir við, eru fullyrðingar Ólafs í Hvarfi um að kunningsskapur bæjarstjóra við núverandi formann golfklúbbsins séu til vitnisburðar um klíkuskap og kunningjaspillingu í samskiptum þessara aðila. Sannleikurinn er hinsvegar sá að allir samningar, sem gerðir hafa verið um stuðning bæjarins við nýframkvæmdir á vegum golfklúbbsins, höfðu þegar verið frágengnir þegar núverandi formaður klúbbsins tók við því starfi. Hann kom því hvergi nærri gerð þeirra og meintur kunningsskapur hans við núverandi bæjarstjóra skipti þar engu máli.

Til að koma í veg fyrir getgátur og tortryggni er rétt að taka það fram í lokin, að undirritaður er ekki stuðningsmaður Sjálfstæðisflokksins. Flokksbundinn annars staðar. Þessi athugasemd er því einfaldlega til kominn vegna þess að mér finnst fólk eiga að njóta sannmælis, pólitíkisar ekki síður en aðrir. Að öllum farnist best ef leitast við að hafa „það sem sannara reynist“, ekki síður í opinberri umræðu en í samskiptum einstaklinga.

Georg H. Tryggvason
Arnartanga 32

Íbúalýðræði - Sameiginleg ábyrgð sveitarfélagsins og íbúa

Íbúáþing var haldið í Lágafellsskóla þann 9. febrúar sl. Fundurinn var ekki fjölmennur en unnið var af krafti undir styrkri stjórn Sævars Kristinssonar. Fundarmenn komust að þeirri niðurstöðu að fimm eftirfarandi flokkar væru mikilvægastir fyrir sjálfbæra þróun í Mosfellsbæ: Samfélag og umhverfi, lífsgæði, vistvænar samgöngur, umhverfisvitund og lýðræði. Unnið var áfram með þessa málaflokka og skoðuð framtíðarsýn í þeim, mikilvægustu aðgerðir, hvaða árangur þær gætu skilað og hvað þyrfti að gera til að hrinda þeim í framkvæmd.

Þessi umræða var mjög gagnlegur liður í stefnumörkun í Staðardagskrá 21 sem unnið er að á vegum Mosfellsbæjar.

Íbúalýðræði

Það sem stendur upp úr í mínum huga eftir þennan fund er enn og aftur hversu mikilvægt það er að íbúar láti sig skipta hvernig málum er hagnað í sveitarfélagi sínu. Að viðhafa íbúalýðræði er óframkvæmanlegt nema íbúarnir komi að málum. Síðustu misserin hefur verið rætt um að lýðræði feli í sér annað og meira en að krossa við stjórnmálaflokk fjórða hvert ár. En af hverju er þá ekki meiri þátttaka á íbúafundi sem



þessum? Hlutverk sveitarfélagsins er klárlega að skapa vettvang og vera hvetjandi til umræðu um málefnið, en frumkvæði frá íbúum er líka nauðsynlegt. Ein leiðin til að auðvelda umræðuna væri að stofna fleiri hverfasamtök, þar sem umræðan

gæti farið fram í minni hópum og ætti greiðari leið inn í bæjarmálaumræðuna. Einnig má nefna vishópa þar sem unnið er saman að umhverfismálum heimilanna, út úr þeirri umræðu gætu komið niðurstaða sem erindi ætti til bæjarstjórnar. Á næstunni mun einmitt verða blásið til þátttöku í Vistvernd í verki og hópum komið af stað. Ég vil hvetja bæjarbúa til að taka þátt í þessu mjög svo skemmtilega verkefni.

Niðurstöður á heimasíðu Mosfellsbæjar

Niðurstöður íbúáþingsins hafa verið settar á heimasíðu Mosfellsbæjar. Þær má finna undir hnappnum *Skipulag og umhverfi* og síðan *Bein aðkoma íbúa*. Ég vil hvetja fólk til að kynna sér niðurstöðurnar og að senda inn uppbyggjandi athugasemdir.

Jóhanna B. Magnúsdóttir form. verkefnisstjórnar Staðardagskrár 21 og félagi í Félagi Vinstri grænna í Mosfellsbæ.



Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



KVÖLD- OG HELGARVINNA

Cafe Kidda Rót er veitingastaður sem opnar
í mars 2010 í Háholti í Mosfellsbæ.

Við óskum eftir að ráða starfsfólk
í afgreiðslu og sal, í kvöld- og helgarvinnu.

Umsækjendur þurfa að vera orðnir 18 ára og búa
yfir þjónustulund, dagnaði og snyrtimennsku.
Í umsókn þurfa að koma fram fyrri störf, nám og
persónuupplýsingar ásamt meðmælenda.

Umsóknir sendist í tölvupósti á rotarinn@simnet.is
Öllum umsóknum verður svarað.

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

www.rafsjon.net

vefsíðugerð - umbrot - auglýsingar - nafnspjöld

Mosfellingar fá 10% afslátt af allri þjónustu!

Rafsjón ehf. - 6908279 - rafsjon@rafsjon.net



AUGLÝSINGAR - NAFNSPJÖLD - LJÓSMYNDUN - UMBROT
VEFSÍÐUR - RÁÐGGJÖF - ÖLL STAFRÆN ÚTLITSHÖNNUN

Háholti 14 - 270 Mosfellsbæ - GSM - 897-7738
www.gudni.is - gudni@gudni.is

GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar
GSM: 820-5900

- nýlagnir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir

Löggiltur rafverktaki



Ágæti hundaeigandi

Að gefnu tilefni skal hundaeigendum bent
á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ,
(sjá reglugerð á www.mos.is/stjórnsýsla/samþykktirogreglur)

4. gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:
Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera
í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum.
Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur
eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.

Fylgst er sérstaklega með lausagöngu
hunda og þeir hundar fjarlægðir
sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar



VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSKENNI UMHYGGJA MOSFELLSBÆR

ÁLAFOSS

Verslun, Álafossvegi 23

WWW.ALAFOSS.IS

Tökum að okkur alla
almenna jarðvinnu og
yfirborðsfrágang.



JARÐMÓTUN EHF

Flugumýri 18d, 270 Mosfellsbæ S 536 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

Bjart framundan í Mosfellsbæ

Í þriggja ára áætlun Mosfellsbæjar sem samþykkt var í bæjarstjórn nýlega kemur fram að þrátt fyrir krefjandi efnahagsumhverfi og samdrátt í tekjum sveitarfélagsins er samt sem áður stefnt að áframhaldandi uppbyggingu í sveitarfélaginu. Tekist hefur að koma sveitarfélaginu í þá stöðu á undanföllum árum að okkur er kleift að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir og halda áfram að byggja upp. Rekstur sveitarfélagsins er með því móti að við njótum trausts á lánsfjármörkuðum sem er mikilvægt á tímum sem þessum. Þetta er þrátt fyrir að fjárhagsleg staða margra annarra sveitarfélaga sé erfið um þessar mundir og þeirra bíði erfið verkefni með sársaukafullum ákvörðunum.



svo sem framhaldsskóla og Leirvogstunguskóla, einnig er gert ráð fyrir talsverðri uppbyggingu í íþróttamálum og menningarmálum. Á tímabilinu er einnig gert ráð fyrir byggingu hjúkrunarheimilis í samstarfi við ríkisvaldið, ásamt aðstöðu fyrir félagsstarf aldraðra.

Samtals er gert ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 1.600 m.kr. á árunum 2011-2013 og er það mögulegt án þess að skuldir á íbúa hækki. Stærstu einstöku framkvæmdirnar eru:

Framhaldsskóli	
(kostnaðarþátttaka 40%):	400 mkr.
Leirvogstunguskóli:	475 mkr.
Búningsklefar og félagsaðstaða að Varmá	375 mkr.

Auk þessa er gert ráð fyrir að byggt verði 30 rýma hjúkrunarheimili að Hlaðhömrum í samstarfi við ríkisvaldið. Tengt hjúkrunarheimil-

inu verði gert ráð fyrir aðstöðu fyrir félagsstarf aldraðra.

Áætlunin gerir ráð fyrir hóflegri íbúafjölgun. Þau hverfi sem verða í uppbyggingu á þessu tímabili eru aðallega Leirvogstunga og Helgafellshverfi. Samkvæmt þeim samningum sem sveitarfélagið hefur gert rennur ákveðin upphæð af íbúðareiningu til sveitarfélagsins til uppbyggingar á skólum í viðkomandi hverfi og er áætlaður byggingarréttur í þriggja ára áætlun samkvæmt þeim samningum sem og uppbyggingu atvinnusvæða í Desjamýri og á Leirvogstungumelum.

Uppbygging, velferð og hagræðing

Fræðslumál verða áfram langstærsti útgjaldaliðurinn í rekstri sveitarfélagsins. Um 2.200 m.kr. fara í þann málaflokk árlega og eru það um 60% af skatttekjum. Verkefni næstu ára verða að standa vörð um velferðina og grunnþjónustuna, hag-

ræða í rekstri eins og kostur er og halda áfram að byggja upp okkar samfélag í þágu íbúanna.

Þriggja ára áætlun árunna 2011-2013 er gerð við óvissar aðstæður. Þær forsendur sem þar eru lagðar til grundvallar eru samkvæmt opinberum spám um þróun efnahagsmála á komandi árum. Ljóst er að rekstur Mosfellsbæjar er traustur og fer hagar þess batnandi á komandi árum.

Þær aðstæður sem verið hafa í þjóðfélaginu á undanföllum árum hafa verið sveitarfélögum erfiðar en ljóst er að Mosfellsbær stendur vel þrátt fyrir það og tekist hefur að sigla fjármálum sveitarfélagsins á farsælan hátt í gegnum þetta öldurót.

Með skynsemi, útsjónarsemi og ráðdeild munum við halda áfram að byggja upp okkar góða sveitarfélag til framtíðar.

Haraldur Sverrisson
bæjarstjóri

Býð mig fram í 2. sæti á lista Framsóknar

Ágæti Mosfellingur ég býð mig fram í annað sæti í prófkjöri Framsóknar laugardaginn 27. febrúar. Ég er hagfræði-, heimspeki- og stjórnmálafræðingur frá Háskólanum á Bifröst, þar stunda ég einnig Ma nám í menningarstjórnun. Ég sat í bæjarstjórn Mosfellsbæjar á árunum 2002-2006 og starfa nú hjá Mosfellsbæ í félagsmiðstöðinni við Lágafellsskóla. Börnin mín eru þrjú Ragnheiður 23 ára, Steinunn 18 ára og Sölvi Þór 15 ára.



Áherslumál mín eru, að starfa af fullri einlægni fyrir samfélagið með gagnrýnu sjónarhorni og veita íbúum alltaf réttar upplýsingar um stöðu mála. Ég tel að við þurfum að gæta þess að standa vörð um félags-

lega velferðarkerfið til að geta menntað og byggt upp heilbriggt samfélag.

Þeir málaflokkar sem sveitarfélögin fara með eru grunnur samfélagsins, því er mikilvægt að hlúa vel að þeim sérstaklega hvað varðar forgangsörðun nú á tímum. Menntun er einn af hornsteinum velferðarsamfélags og er mikilvægt að huga vel að þeim málaflokki og eru sveitarfélögin með ábyrgð á fyrsta skólastiginu. Mikilvægt er að hafa sterka grunnskóla sem veita börnum okkar sem allra besta grunnmenntum sem er í boði hverju sinni. Einnig legg ég áherslu á að bjóða upp á möguleika fyrir hvern einstakling sem hentar honum sér

í lagi á elsta stigi grunnskóla til að auka áhuga barna á framhaldsnámi og að þau hætti ekki í námi.

Mikilvægt er að huga vel að málafnum aldraðra hér í Mosfellsbæ því þeim mun fara ört fjölgandi í okkar umfang bæjarfélagi. Mikilvægt er að aldraðir geti verið á heimilum sínum eins lengi og þeir geta. Sterk félagsþjónusta er nauðsynleg til að halda utan um þjónustu við aldraða og aðra íbúa bæjarins.

Ég legg áherslu á fjölbreytni í tólmstundum og tel að við þurfum að gæta þess að allir þegnar bæjarins hafi sama aðgang að þeim tólmstundum sem eru í boði. Einnig vil ég leggja áherslu á að skýðasvæði okkar verði eflað með því að kaupa

viðeigandi tæki til að framleiða snjó svo við getum notið þessarar vinsælu vetraríþróttar.

Ég tel að Mosfellsbær verði eitt af vinsælustu íbúasvæðum í framtíðinni vegna þeirra möguleika sem eru rétt við bæjardyrnar eins og falleg staðsetning á byggingarlöndum og þeirra möguleika sem íbúar hafa í útivist. Við þurfum því að standa vörð um okkar fallega bæjarfélag og stjórna því með skynsömum hætti. Ég býð mig fram vegna þess að ég tel að menntun mín og reynsla geti nýst vel fyrir bæjarfélagið og hvet ég alla til að kjósa í prófkjörinu og hafa þannig áhrif á hvaða einstaklingar fari með bæjarmálin á næsta kjörtímabili.

Bryndís Bjarnarson

Hvernig samfélagi vill ég búa í ?

Meðal frumkvöðla evrópskrar félagsfræði var Frakkinn Émile Durkheim, hann var brautryðjandi þess að skoða skólastarf í ljósi samfélagsþróunar og taldi hann menntaumbætur lykil að því að tryggja samheldni og stöðuleika í samfélaginu. Durkheim lagði mikla áherslu á að hver einstaklingur yrði að njóta sín og jafnframt að tryggja uppeldi til félagslegrar ábyrgðar. Ég held að þessar áherslur Durkheims verði seint úreltar þótt hann hafi mótað kenningar sínar á 20 öldinni. Samheldni sprettur ekki lengur sjálfkrafa upp úr daglegri reynslu og auðvelt er fyrir einstakling að ætla að hann sé engum háður og beri enga ábyrgð því tengsl og hlutverk hvers og eins



eru óljós í nútíma samfélagi. Ein markvissasta og áhrifaríkasta leið til að hafa áhrif á þróun samfélagsins er í gegnum menntakerfið. Þess vegna er mjög mikilvægt að skólaýfirvöld spyrji sig reglulega að því hvert er markmiðið og hvernig er okkur að takast að ná því.

Hverjar sem skoðanir okkar á Íslandi eru og á því sem á undan er gengið í samfélagi okkar, þá eru afleiðingarnar staðreyndir sem við verðum að takast á við. Það liggur fyrir að ríkið og sveitarfélögin verða að draga úr og forgangsraða allri þjónustu. Mjög mikilvægt er að við stöndum vörð um menntakerfi okkar og gleymum ekki hlutverki þess í

samfélagi okkar. Mikilvægt er að allur sparnaður og samdráttur sé vel ígrundaður og reynt verði að sjá fyrir um afleiðingarnar til lengri tíma. Tilviljunarkenndur niðurskurður hér og þar getur haft mjög eyðileggjandi áhrif og verið samfélaginu dýrari þegar til lengri tíma er litið.

En samfélagsleg ábyrgð á ekki bara að vera hugtak sem við sjáum í stefnuskrám stjórnmálaflokka, stórfyrirtækja og stofnana heldur eignum við hvert og eitt að velja því fyrir okkur í hvernig samfélagi viljum við búa í og hvað getum við gert í okkar nær umhverfi til að komast þangað. Það er auðvelt að fyllast vanmætti þegar við horfum í kringum okkur og efast um að maður fái nokkru áorkað. En þá er mikilvægt að hafa

hugfast að við verðum að byrja á okkur sjálfum og jákvætt og vinsamlegt viðmót gerir lífið auðveldara fyrir samferðarfólk okkar og okkur sjálf, breytingar til góðs þurfa ekki alltaf að vera flóknar eða kosta peninga.

Björg Reehaug Jensdóttir
Frambjóðandi í prófkjöri
Framsóknarfélags Mosfellsbæjar

Aðsendar greinar um bæjarmál í Mosfellsbæ

Greinum skal skila inn með tölvupósti á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð.



Verðmæt hreyfistund fjölskyldunnar

Almennt er ráðlagt að börn og unglingar hreyfi sig með áreynslu í minnst 60 mínútur á dag. Aðeins 30% unglunga ná þessu markmiði. Þess vegna er mikilvægt að venja leikskólabörn á að fara reglulega í gönguferðir með foreldrum og að útivist og hreyfing sé hluti af samverustundum fjölskyldunnar.

Foreldrar gegna lykilhlutverki og geta haft mikil áhrif á að barnið fullnægi hreyfipörf sinni. Þeir geta t.d. takmarkað þann tíma sem varið er í kyrrsetu svo sem í tölvuleiki og sjónvarpsáhorf og þess í stað hvatt og stutt barnið til frjálstra leikja og mögulega til þátttöku í

skipulögðu tómstundastarfi sem felur í sér hreyfingu. Þá er mikilvægt að taka tillit til áhuga og getustigs hvers og eins og leita eftir tilboðum við hæfi. Það sem hentar einum hentar ekki öllum.

Ef barnið er mikið fyrir að „dunda sér“ getur það þurft meiri hvatningu til hreyfingar en annars. Foreldrar eru fyrirmyndir og sameiginleg hreyfistund fjölskyldu er verðmæt gæðastund. Hér eru nokkrar staðreyndir um mikilvægi hreyfingar:

Hvað gerir hreyfing fyrir líkamann?

- Hjartað og lungun styrkjast, börn fá meira úthald í að t.d. ganga, hlaupa og leika þér.
- Vöðvarnir verða sterkari.
- Beinir verða sterkari og maður leggur inn í beinabankann.
- Aukinn liðleiki, snérpa og hraði.
- Hvað gerir hreyfing fyrir andlega líðan?
- Hún eykur orku, einbeitingu og vellíðan.
- Hvað gerir hreyfing fyrir félagslega líðan?
- Börn læra leikreglur og þau verða hæfari í samskiptum.

Kolbrún G. Þorsteinsdóttir fulltrúi
leikskólaforeldra í stýrihópi Lýðheilsustöðvar

ALLT HEFUR ÁHRIF - EINKUM VIÐ SJÁLF

Hlégarður



VEISLUGARÐUR
Veislupjónustan Hlégarði

Háholti 2, 270 Mosfellsbær, sími 566 6195 / 892 9411

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

ELEKTRUS


- Löggiltir rafverktakar

Sigurjón Hólm Magnússon

Löggiltur rafverktaki

Sími 895 1580 | sigurjon@elektrus.is

www.elektrus.is



Kolbrún Rakel Helgadóttir

kolbrunraket@gmail.com

Lerkibýggð 5 - Mosfellsbær

Sími: 869-7090



Nýjir viðskiptavinir velkomnir

www.youcanworkfromhome.net

Líf og Líkami - Heilsustofa

- Bowen Tækni
- Dáleiðsla
- Heilun & Heilunarnámskeið
- Höfuðbeina og spjaldhryggsmeðferð
- Shiatsu þrýstipunktameðferð
- **TILBOÐ á meðferðum í mars**

Háholti 14 Mosfellsbæ • S: 866-0007

www.lifoglikami.is • binni@lifoglikami.is



Brynjólfur Einarsson



HRUKKUSTRAUJÁRNID

Hrukkubaninn sem er að gera
allt vitlaust í Hollywood
fæst nú á frábæru verði.

Ótrúlegur árangur

Sjón er sögu ríkari!

Elísabet s: 692-1165 / 894-3065

ÞJÓNUSTU-AUGLÝSING Í MOSFELLINGI

KR. 5.000 + vsk.*

Rúmlega nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm

*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - mosfellingur@mosfellingur.is

Heyrst hefur...



...að Marín Hergils sé búin að eignast lítinn strák.

...að nýr garðyrkjustjóri Mosfellsbæjar sé tekinn til starfa en forveri hans var leystur undan störfum.

...að ódýrast sé í Varmárlaug á höfuðborgarsvæðinu.

...að Samfylkingarmennirnir Jónas og Valdimar Leó hafi ekki talast við eftir úrslit prófkjörsins.

...að Haraldur Haraldsson hafi fengið næst flest atkvæði í fyrsta sætið á eftir Haraldi Sverrisyni á lista Sjálfstæðisflokksins. Haraldsson fékk 40 atkvæði.

...að Hönnu Bjartmars þyki "ekki smart að hafa tvo miðaldra karlmennt" fyrir ofan sig á lista Samfylkingarinnar.

...að mesta lækkun á fasteignagjöldum á landinu á milli ára sé í Teigum/Kríkum í Mosfellsbæ.

...að Haukur og Beta hafi gift sig með pompi og pragt um síðustu helgi.

...að Halla Karen íþróttafrömuður hafi orðið fertug í mánuðinum.

...að Mist Edwards sé komin í landsliðið í fótbolta.

...að kötturinn Púli og Gylfi Guðjóns hafi prýtt forsiðu Séð og Heyrt á dögnum.

...að Mosfellsbær hafi bætti við sig 26 íbúum á síðasta ári meðan flest sveitarfélög hafa misst frá sér íbúa.

...að Saga Guðmunds hafi fengið Yaris í 17 ára afmælisgjöf frá pabba.

...að líklega verði tekin upp nætur-opnun á N1 bensínstöðinni Háholti í kjölfar þrýstihóps á Facebook-síðu sem var nýlega stofnuð.

...að Berglind Árna eigi afmæli í dag.

...að einum gesti á "Konukvöldinu" hafi verið misboðið í miðri hjálpar-tækjasýningu og strunsað út.

...að skæð veirusýking hafi herjað á íbúa við Meðalfellsvatn, þ.á.m. Bubba Morthens og fjölskyldu.

...Bónstöðin í Mosó sé flutt í Völuteig.

...að Ingó í íþróttahúsinu sé orðinn sjötugur og ávallt hress.

...að Anna Heiði og Síggi Palli hafi eignast dreng í vikunni.

...að afmælisárshátíð hestamanna-félagsins Harðar sé á morgun.

MOSFELLINGUR@MOSFELLINGUR.IS



Mosfellsku fljóðin Eva Dröfn og Margrét Björg

Taka þátt í ungfrú Reykjavík í kvöld

Fegurðardrottning Reykjavíkur 2010 verður krýnd á Broadway í kvöld í beinni útsendingu á SkjáEinum. Þar munu ferurstu fljóð höfuðborgar-svæðisins keppa um þessa eftirsóttu nafnbót.

Tvær mosfellskar stúlkur, þær Eva Dröfn Þorsteinsdóttir og Margrét Björg Jakobsdóttir, taka þátt í keppninni og segja þær stóllur undirbúning hafa gengið vel. Eva sem er 18 ára hefur stundað módelstörf frá 15 ára aldri. Hún er á þriðja ári í Borgarholtsskóla og stefnir á að verða fornleifafræðingur. Fjölskyldan og vinir eru henni allt og hennar aðaláhugamál er að ferðast.

Margrét Björg er 21 árs og er mikil íþróttamanneskja og hefur áhuga á flest öllum íþróttum. Hún er að læra ferðamálafræði í Háskóla Íslands og stefnir á að fara í master í þróunarfræði. Hún hefur gaman af að ferðast og vera með vinum sínum.

Fylgist með mosfellskum fljóðum á Skjánum í kvöld.



FERMINGARTILBOÐ

Fermingarnar nálgastr og bjóðum við uppá sérstakt fermingartilboð.

Fermingargreiðsla, prufa og létt förðun á 11.500 kr

www.hairsprey.com



Háholtt 14
S. 517 6677

Í eldhúsinu



HJÁ KARLOTTU

Bláberjaskyrterta

Karlotta Lind Pedersen hársnyrtir gefur okkur uppskrift að þessu sinni.

„Uppskrifin mín er af bláberjaskyrtertu sem ég fékk frá systur minni fyrir mörgum árum. Þessi terta er á flestum veisluborðum hjá fjölskyldunni minni.“

150 gr. brætt smjör
1 pk. hafrakex
500 gr. skyr (óhrætt)
2 stk. egg
140 gr. sykurl
1 tsk. vanilluskur
1 peli rjómi
Bláberjagratut eða bláberjasulta

Bræðið smjör í potti og bætið kexi út í, hrærið saman. Setjið í eldfast mót. Þeytið vel saman sykri og eggjum og bætið við vanilluskri og hrærið skyrið hægt saman við. Setjið ofan á kexið í eldfasta mótið, látið helst biða yfir nótt í kæli. Að lokum er rjóminn þeytt-



ur og settur yfir skyrbönduna og bláberjagratut eða sulta sett yfir rjóman. Verði ykkur að góðu.

MOSFELLINGUR

KEMUR NÆST ÚT 19. MARS



Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is



Briet Dilljá Bjarkadóttir fæddist á Landspítalanum þann 19. nóvember 2009. Hún var 16 merkur og 52 cm. Foreldrar hennar eru Bjarki Þór Hannesson og Eva Bragadóttir.



Kormákur Jakob Atlason fæddist 6. júlí 2009. Foreldrar eru Þórdís Eik Friðbjófsdóttir og Ágúst Atli Jakobsson til heimilis að Tröllateigi 13.

HLUTAVELTA



Birkir Snær Sigurðsson, Einhildur María Traustadóttir og Hilmar Bjarni Kjartansson eru bekkjarsystkin úr 4. bekk í Varmárskóla. Þau héldu tombólu í Kjarnanum og fengu færðu deildinni 6.593 kr.



Hafey Lipka Þormarsdóttir og Björk Ragnarsdóttir söfnuðu flöskum og dósnum og gáfu deildinni andvirðið eða 2.000 kr.

Rauði krossinn þakkar þessum duglegu krökkum hjartanlega fyrir gjafirnar!

Peningarnir renna í sameiginlegan sjóð sem ráðstafað er einu sinni á ári í verkefni í þágu barna í neyð erlendis og að þessu sinni eru það fórnarlömb jarðskjálftans í Haítí.



Þessir hressu krakkar söfnuðu á dögnum 10.000 krónum og gáfu Rauða Krossinum til styrktar bágstöddum börnum á Haítí. Þau héldu tombólu í Kjarna og söfnuðu dósnum.



Þau héldu tombólu í Kjarna og söfnuðu 2.810 kr. Ragnar Már, Eva Marin, Tómas Gutti og Árni Sesar.

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

bókhald • ársreikningar • skattframtöl

Kenni bókhald og Excel!

Inga Jóna Óskarsdóttir
viðurkenndur bókari



www.bokhaldogkennsla.is
ingajona@internet.is

Grensásvegur 16, 108 Reykjavík, s. 691 0127



ALLAR ALMENNAR VIÐGERÐIR

- Bremsur
- Demparar
- Blettun & Málun
- Smáréttingar
- Smurþjónusta

Fékkstu Endurskoðun?

Völuteigur 11, 270 Mosfellsbær
Sími: 565-5333 & GSM: 856-0226

Kaffi- og veitingahús - Háholti 14 - S. 586 8040

zur þráðlaust net kaldur af krana cr
boltinn í beinni kaffi risaskjúr samlok
samlokur lasagne heitt súkkulaði

rebes pizzur kaffi risaskjúr samloku
sagne heitt súkkulaði boltinn í bein
amlokur þráðlaust net kaldur af krar

**Tek að mér
alla krana- og
krabbavinnu**


**Útvega öll
jarðefni**

VÖRUBILL Þ.B.
Klapparhlíð 10
Þorsteinn 822-7142




BILSKÚRAR • SVALIR • BAÐHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆÐI

**Steinteppe
& epoxy
gólfefni**



STOFAN



ELDHÚSIÐ



VINNUSTAÐURINN



SteinTeppe.is

Sími 864 6600

www.steinteppe.is | steinteppe@steinteppe.is

SPURNING TIL BÆJARBUA

Bónus eða Krónan?



INGA:

Bónus því ég vinn þar



DAGUR:

Verð að vera sammála með Bónus.




KATLA: Krónan



PATTI:

Auðvitað Krónan



BJARMI: Það fer eftir því hvað ég er að kaupa.



ALDÍS: Voðalega misjafnt, ætli ég skiptist ekki bara á.



Björkvöld á Eldhúsinu



Herrarnir í Hlégarði




Gefinn fyrir sopann



Rúskí karamba



Helgi í feluleik



Stelpurnar í stuði



Kvenfélagið í Kjósinni í stuði



Helgafellshjónin



Surprise surprise

HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Bjöss og Bibí að blóta




Skál fyrir Ingunni



Anna og Dóra í gallanum



Wedding crashers



Brosandi blondínur



Bjössinn flottur

MOSFELLINGUR
er á...
facebook



Stelpurnar í Hrauninu



Sjöfn og Þórey



Halli Valli í Tíbet



Andrea og Sigrún



Kallarnir.is

HONEY
MOON




HAUKUR SIGURVINS OG
ELÍSABET JÓHANNSDÓTTIR
GENGU Í ÞAÐ HEILAGA

TVÍFARAR



ÞORVALDUR



SCOOTER

BARINN ER OPINN
BOLTINN Í BEINNI
ÁSLÁKUR

GÖMUL ÞJÓÐSAGA

Djöfullinn vildi ekki verða minni en Guð, því fór hann og ætlaði að skapa mann. En sú tilraun fórst honum ekki höndu- lega. Því í staðinn fyrir að skapa mann varð Gordon Brown úr því og þó vantaði á hann skinn- ið. Sankti Pétur aumkaðist yfir þessa aumu sköpun og skapaði skinnið á ólukkans kvikindið.

Skrattinn fór að skapa mann skinnlaust ógeð varð úr því. Í brjósti kenndi Pési um hann svo húð hann færði Gordon í.

Er Gordon kom til Lundúna, hugðist Kölski þá myrkva gjör- vellan heiminn og sólina með. Segja fróðir menn að Skrattinn sjálfur hafi stigið niður til jarðar, skapað Verkamannaflokkinn og búið þannig um hnútana með fjölkynsi sinni, að afstýrmi- sköpun sín fengi að leiða þessa hersingu, og viti menn að það rættist

Þá var kveðið:

Sumir Gordon illa spá,
sumir vilja húð hans sjá,
sumir kenna í brjósti um þá,
sem að lokum Gordon fá.

Vitir menn vilja þó meina að
Kölska muni mistakast ætlunar-
verk sitt þar sem Sankti Pétur
getur hvenær sem afturkallað
húðgjöf sína, og er þess ekki
langt að bíða að honum sjálfum
ofbjóði og taki til sinna ráða í
þessum efnum.

Þá kveða gárungar:

Skinnaus greyð garmurinn,
Gordon hitti pabba sinn.
Heilsaði honum andskotinn,
hann svo bauð hann velkominn.

Enda er skinnið sennilega það
eina sem nýtanlegt er af karl-
greynu.

Siggi Gúst



SMÁAUGLÝSINGAR FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Óska eftir íbúð til leigu

Óska eftir 3 herb íbúð í Mosó, er með börn og voffa :o) gr. 80-90 þús á mánuði, íbúðin verður að vera á jarðhæð. Upplýsingar í síma 8695109.

Leiguhúsnæði óskast

Ungt par með gæludýr óskar eftir leiguhúsnæði sem allra fyrst. Algjör reglusemi og reyklus. Hámarksgreiðslugeta er 70 þúsund, öruggar greiðslur. Uppl. í síma 8242803 eða solrune2003@hotmail.com.

Húsnæði óskast til leigu

Óska eftir 2-3 herbergja íbúð, litlu húsnæði eða sumarhúsi til leigu ofarlega við Varmá/Reykj eða í Mosfellsdal. Smári s. 896-2300.

Svartur poki týndur

Svartur íþróttapoki með Man. Utd. merkinu er týndur en hann hefur annaðhvort verið tekinn í misgripum í Varmáarskóla eða tapast. Pokinn er fullur af handboltadóti ásamt bláu handklæði sem í er saumað nafni eigandans, Ástþór. Finnandi hringi í síma 5666892.

Týndir vettlingar

Vettlingar týndust fyrir utan leikskólann Hlíð síðasta sumar og hefur verið sárt saknað síðan. Vinsamlegast hafið samband í síma 820-8356.



Hjól í óskilum

Þetta hjól fannst á víðavangi fyrir ekki löngu síðan. Sá sem saknar þess getur vitjað þess í síma 820-8356.



Týndur köttur

Snotra týndist frá Byggðarholti 53, sunnudaginn 21. febrúar, hún er 7 mánaða og er svört og hvít og er merkt. Ef sést hefur til hennar vinsamlega hafið samband í síma 863-5161, Guðleif.



Smáauglýsingar sendist á:
mosfellingur@mosfellingur.is



Næsta blað kemur út:

19. mars

Skilafrestur er til 15. mars

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



ÖKUKENNSLA
LÁRUSAR

GSM 694-7597 - AKAMOS@TALNET.IS

Kenni á bíl,
bífhjól eða
skellinöðru!

Er með mótór-
hjólahermi,
frábært fyrir
byrjendur

Fáið tilboð, kenni
allan daginn
Annast einnig öku-
mat og upprifjun
fyrir eldri borgara

Lárus Wöhler
löggtillit ökukennari

ÞAÐ
SEM
TIL
ÞARF



VGH
MOSFELLSBÆ
Verktaki - Vélaleiga

GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279



BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

VIÐ ERUM NÚ ORÐIN ÞJÓNUSTUAÐILI
FYRIR ÚRVINNSLUSJÓÐ

Þú getur komið með bílinn til okkar og fengið skilagrein
fyrir 15.000 króna úrvinnslugjaldi.

GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS



B. Markan ehf.
Pípulagnir

660 6690



Viltu betri heilsu?
Leitaðu til ráðgjafa
með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir
Herbalife ráðgjafi í Mosfellsbæ
Sími: 869 9913
betriheilsa.is/ragga, raggasj@gmail.com





Háholt 13-15

Fiskbúðin Mos

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa**Kjarna**
Pverholti 2
Sími: 534 3424

VEL HEPPNAÐ KONUKVÖLD

Herdís, Hildur, Hafdis og Sigríður hafa safnað saman konum í Mosfellsbæ í gegnum Facebook. Í framhaldi var fyrsta konukvöldið haldið á dögunum og þótti takast vel. Nánar á bls. 12

Mynd/Ruth

Rétt hjá JOA

Réttingar og sprautun

Flugumýri 16d
s. 577-1377 / 896-9497

www.reththajoa.is

BOLTA BALL**6. MARS**

Bugðutangi

Fallegt 202 fm raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr á rölegum stað við botngötu í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 4 svefnh og stór stofur. Ný og falleg eldhúsinnrétting. Verönd og fallegur garður. Hagstætt verð. Skipti á ódýri eign koma til greina.



Leirutangi

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjölbýlishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi. Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Sér garður. Falleg eign í barnvænu umhverfi. Laus fljótlega. Hagstætt verð. **V. 18,9**



Súluhöfði

Mjög vel staðsett 185 fm. einbýli við Súluhöfða í Mosfellsbæ. Gott skipulag. 4 góð rúmgóð stofa. Eftir er að klára lóð. Rúmgóður bílskúr. **V. 42 m.**



Laxatunga

Erum með til sölu 5 íbúða raðhúsalengju við Laxatungu í Leirvogstunguherfi. Stærð húsana er 245 fm. og afhendast þau fullbúin að utan en fokheld að innan. Áhvilandi íbúðalánsjóður kr. 21 m. vextir 4,6% **V. 33,9**



Kvíslartunga

Glæsilegt 278 fm. parhús á tveimur hæðum við Kvíslartungu í Mosfellsbæ. Eignin er fullbúin að utan . 80 fm. svalir. Flott útsýni og gott skipulag á eigninni. **V. 41,5 m.**



Þjónusta við Mosfellinga í 20 ár

Pétur Pétursson
löggtur
fasteignasali
897-0047**588 55 30**

Stórikriki

Afar glæsileg 159 fm. eign á efstu hæð í þessu vandaða fjölbýli við Stórakrika. Eignin er með 24 fm. bílskúr og góðu herbergi inn af honum. Hiti í gólf á baðherbergi. Þetta er klassa eign. 3 rúmgóð svefnherbergi. **V. 30,5 m.**



Tröllateigur

Glæsileg 4. herb. 101 fm. íbúð á 2. hæð í vönduðu litlu fjölbýli við Tröllateig í Mosfellsbæ. Sér inngangur. Björt stofa. Vandaðar innréttingar. Glæsileg gólfefni. Flott umhverfi í rölegu hverfi. Skipti á stærri eign í Mosó, helst í Holtunum.



Skólabraut

Fallegt og vel skipulagt 161 fm. einbýli við Skólabraut. Mikið endurnýjað hús. Nýjar innréttingar. Baðherbergi bæði ný tekin í gegn. Flottur pallur og 4 svefnherbergi. Eign í góðu viðhaldi. **V. 39,2 m.**



Prastarhöfði

Nýkomin í sölu glæsileg 116 f. íbúð á jarðhæð með sér inngangi. Flottar innréttingar. Eikarparket og skápar. Stór hellulögð verönd. Bílastæði í bílahúsi. Sér þvottahús og baðherbergi með flisalögnum í hólf og gólf. Nuddaðkar.